

# ÁRSSKÝRSLA LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS 2022





# ÁRSSKÝRSLA 2022

## EFNISYFIRLIT

<b>ÁVARP REKTORS</b>	<b>4</b>
<b>NEMENDUR</b>	<b>6</b>
<b>STARFSFÓLK</b>	<b>8</b>
<b>REKSTUR OG FJÁRMÁL</b>	<b>9</b>
Húsnæðismál	
Fjármál	
Rekstrarreikningur ársins 2022	
<b>SVIÐ KVÍKMYNDALISTAR, SVIÐSLISTA OG TÓNLISTAR</b>	<b>13</b>
Kvíkmyndalistadeild	
Tónlistardeild	
Sviðslistadeild	
<b>SVIÐ ARKITEKTÚRS, HÖNNUNAR OG MYNDLISTAR</b>	<b>21</b>
Arkitektúrdeild	
Hönnunardeild	
Myndlistardeild	
<b>SVIÐ AKADEMÍSKRAR ÞRÓUNAR</b>	<b>31</b>
Listkennsludeild	
Stuðningur við rannsóknir	
Stuðningur við kennslu og kennsluþróun	
Alþjóðaskrifstofa	
Bókasafn	
Verkstæði	
<b>HÁSKÓLASKRIFSTOFA OG STÖÐPJÓNUSTA</b>	<b>38</b>
Gæðamál	
Kynningarmál og viðburðir	
Mannauðsstjórnun	
Náms- og starfsráðgjöf	
Nemendaskrá	
Opni Listaháskólinn	
Upplýsingatækni	
<b>STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR</b>	<b>42</b>

# ÁVARP REKTORS

## I

Rétt eins og í samfélaginu öllu markaðist árið 2022 við Listaháskóla Íslands af bjartari tíð og hagfelldara starfsumhverfi að loknum heimsfaraldri. Umtalsverð vinna var sett í aðgerðir í mannauðsmálum og styrkingu þjónustu við nemendur, m.a. til að mæta afleiðingum þess álags sem faraldurinn skapaði í háskólakerfinu rétt eins og annarsstaðar.

Jafnframt voru verkefni sem þurftu að vika vegna álags af sóttvarnaraðgerðum árin á undan tekin upp aftur og ber þar helst að nefna umfangsmikla innleiðing á nýjum kerfum til að auka gæði í háskólastarfinu. Fyrir utan tvenn kennsluumsjónarkerfi voru fimm önnur kerfi innleidd á árinu, en öll stuðla þau að betra starfsumhverfi og auknum möguleikum í daglegri vinnu starfsmanna og nemenda.

Enn eitt viðamikilið verkefni síðastliðins árs, laut að breytingum á ramma um starfsumhverfi akademískra starfsmanna, ekki síst á haustönninni þar sem fagråd Listaháskólans vann þétt að mótun nýs kennslulíkans sem unnið verður eftir strax skólaárið 2023 til 2024. Mikil greiningarvinna liggur að baki þessu nýja líkani sem vonir standa til að stuðli að auknum jöfnuði þvert á svið og deildir, hvort heldur litið er til vinnuálags á akademísk starfsfólk, gæða eða samræmis í vinnubrögðum.

## II

Samstarf háskóla, átaksverkefni á vegum háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis, vó þungt í vinnu Listaháskólans á síðustu mánuðum ársins, en markmið þess er "að ýta undir nýsköpun og framfarir á þessu skólastigi", þar sem öflugt samstarf er forsenda aukinna gæði háskólanáms í landinu. Rúmum milljarði var varið í þetta verkefni árið 2022 og átti Listaháskólinn þátt í átta verkefnum, auk þess að leiða eitt þeirra; samstarf við Háskólann í Reykjavík um nýja námsbraut á sviði stafrænnar sköpunar, miðlunar og hreyfimyndagerðar. Stefnt er að því að hefja kennslu á þessari sameiginlegu námsbraut haustið 2024. Námsbrautin verður mikilvægur liður í því að byggja undir þekkingu og þróun á sviði tölvuleikjagerðar, kvikmyndalistar og starfrænnar miðlunar af öllu tagi hér á landi, en töluverður skortur er á menntuðu fólki inn í þessar greinar á heimsvísu. Um er að ræða fyrsta þróunarverkefnið innan Listaháskólans þar sem gert er ráð fyrir að nemendur útskrifist með námsgráðu í samvinnu tveggja íslenskra háskóla.

Vonir standa til að með því aukna samstarfi háskóla sem boðað er á árinu 2023 í framhaldi af áttakinu 2022, verði hægt að mæta kröfum fagvettvangs lista og hönnunar um námsþróun enn frekar. Slík þróun er enda mikilvægt hagsmunamál fyrir alla þá nemendur á háskólastigi sem óhjákvæmilega þurfa að mæta miklum breytingum á samfélagsgerð og atvinnulífi á næstu árum og vilja afla sér menntunar og þekkingar í samræmi við þá framtíð.

## III

Undirbúningur við uppbyggingu framtíðarhúsnæðis Listaháskólans í Tollhúsinu við Tryggvagötu gekk hægar en vonir stóðu til á árinu. Eigi að síður er óhætt að fullyrða að undirbúningurinn komst vel á veg og vonir standa til að byggingarframkvæmdir geti hafist af fullum krafti að lokinni hönnunarsamkeppni á haustmánuðum 2023. Ljóst er að tafir við undirbúning uppbyggingarinnar, m.a. vegna aukinnar verðbólgu í kjölfar heimsfaraldurs og stríðsreksturs í Úkraínu, mega þó ekki verða meiri en þegar er orðið, því samningar vegna þeirra bygginga sem háskólinn er rekinn í, utan Laugarness, eru óðum að renna út. Þörf fyrir viðunandi aðbúnað og faglegt húsnæði hefur með öðrum orðum aldrei verið brýnni í tæplega aldarfjórðungslangri sögu háskólans og mál að síendurteknum flutningum í ófullnægjandi bráðabirgðaaðstöðu linni.

Vinna við að samþætta starfsemi og skapa aukna samlegð er langt komin, með það að markmiði að háskólinn, nemendur hans og starfsfólk, séu vel í stakk búin til að takast á við sameiningu undir einu þaki. Þar verða loks viðunandi aðstæður til að deila allt í senn þekkingu, rannsóknnum og aðstöðu þvert á öll svið og skapa um leið hagfelldari forsendur þess þverfaglega háskóla sem á nú þegar í ríkum orðastað við þekkingar- lista og hönnunarsamfélagið innalands sem utan.

## IV

Eftir að hafa náð jafnvægi í rekstri Listaháskólans á rekstrarárinu 2021, þar sem sá mikilvægi áfangi náðist að vinna bug á neikvæðri eiginfjárstöðu háskólans, er rekstur háskólans enn í jafnvægi árið 2022. Nýtt reiknilíkan stjórnvalda fyrir fjármögnun háskólastigsins, sem lengi hefur verið í undirbúningi, hefur þó enn ekki verið tekið í notkun. Það er mjög bagalegt þar sem Listaháskólinn hefur tekið stórtækum framförum á síðustu árum sem ekki skila sér í gegnum þau gömlu viðmið sem alltof lengi hafa verið ráðandi breytur í fjármögnun starfseminnar.

Til að tryggja nauðsynlega yfirsýn og aðhald í þröngum rekstri hefur Listaháskólinn þróað nýtt dreifilíkan fyrir stofnunina sem styrkir yfirsýn yfir fjárstreymi og rekstrarstöðu auk þess að jafna aðstöðu deilda þrátt fyrir ólíka starfsemi og þarfir. Með nýju dreifilíkani og kennslulíkani, er því búið að styrkja rekstrargrundvöll allrar starfseminnar til mikilla muna.

## V

Á síðustu tíu árum hefur Listaháskólinn gengið í gegnum viðamiklar breytingar sem kallast á við sívaxandi ytri kröfur, ekki einungis um gæði í kennslu og rannsóknnum, heldur einnig námsframboð. Deildum háskólans hefur fjölgað úr fimm í sjö og meistarastig verið þróað í öllum deildum nema kvikmyndalistadeild, en stefnt er á að meistaranám í kvikmyndalist verði tilbúið um leið og fyrstu nemendur af bakkalárstigi útskrifast. Skýrar hugmyndir eru komnar fram um uppbyggingu doktorsnáms og vinna hafin við mótun þess.

Á tímabilinu hafa stefnur um alla grunnþætti starfseminnar verið mótaðar og ítrekað endurskoðaðar, verkferli í gæðahandbók eru stöðugt uppfærð til að spanna alla starfsemina og styðja þannig við ákvarðanatökur og utanumhald hvort heldur sem horft er til daglegrar vinnu eða einstakra þátta sem vægi hafa í vinnu þess samfélags sem myndar Listaháskólann hverju sinni.

Háskólinn hefur gengið í gegnum tvær gæðaúttektir á þessum tíma, á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla, auk þess sem innri gæðaferli hafa nýst við gæðamat og endurskoðun allra námsleiða og deilda með reglubundnu millibili í samræmi við ítrustu kröfur sem gerðar eru til háskólastigsins hér á landi og í samanburðarlöndum. Niðurstöðurnar hafa verið Listaháskólanum hagfelldar og sýnt fram á að háskólinn stendur vel undir nafni og þeirri ábyrgð sem hann ber sem þjóðarháskóli á sviði lista og rannsókna þeim tengdum.

Eftirtektarvert er hversu vel hefur tekist að byggja upp rannsóknarinnviði og mælanlegan rannsóknarafrakstur þrátt fyrir að fjármögnun til þess mikilvæga starfsþáttar hafi verið mjög takmörkuð í gegnum úrelt reiknilíkan háskólanna. Á síðustu árum hefur sókn í opinbera samkeppnissjóði innan lands sem utan einnig skilar markverðum árangri í fjármögnun, auk þess sem útgáfustarfsemi Listaháskólans hefur vaxið fiskur um hrygg með útgáfu tímamótaverka í lista- og hönnunarsögu.

Góðar tengingar í helstu samstarfsnet lista- og hönnunarskóla á alþjóðavísu hefur jafnframt stutt vel við áframhaldandi þroska starfseminnar og þá nýsköpun sem er nauðsynleg til að háskólar þjóni samfélagi sínu og framtíðinni sem best.

Á þessum áratug hefur tvisvar verið ráðist í stefnumótunarvinnu, þar sem margir hafa verið kallaðir til auk starfsfólks og nemenda, ekki síst hag- og fagaðilar innanlands. Árangurinn af þessu ríka samtali við samfélagið, hefur skilað sér í umtalsverðum ávinningi innanlands hvort heldur litið er til lista, hönnunar eða menningarlífs þjóðarinnar í heild sinni. Listaháskólinn er þannig nefndur í daglegu samtali fjölmiðla og þjóðar, auk þess að njóta umtalsverðrar umfjöllunar erlendis af margvíslegum tilefnum.

## VI

Þar sem starfsfestu minni sem rektors lýkur í ágúst næstkomandi, vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim stjórnarmönnum sem ég hef unnið með fyrir einstaklega farsælt samstarf og það traust sem þau hafa sýnt mér. Fyrst undir forsæti Kolbrúnar Halldórsdóttur og síðan Magnúsar Ragnarssonar, sem bæði hafa sýnt Listaháskólanum ómetanlegan stuðning í orði og verki.

Þeim hundruðum nemenda sem ég hef fylgt úr hlaði við útskriftir þakka ég fyrir þeirra skapandi sýn og hollustu við háskólann sinn og þá ekki síður öllu því frábæra starfsfólki sem hefur verið mér samferða sl. áratug. Það er bæði gæfa mín og Listaháskólans, hversu mikinn metnað starfsfólk hefur haft fyrir hönd háskólans í öllum þeim margvíslegu og ögrandi verkefnum sem samtíminn krefst - á tímum þar sem þekkingaröflun er beinlínis undirstaða lífsviðurværis og afkomu næstu kynslóða.

Að lokum óska ég Listaháskóla Íslands, starfsfólki hans og nemendum, gæfu í vegferð sinni inn í óræða framtíð, þar sem kortlagning á hinu óþekktu mun krefjast bæði hugrekks og hugmyndauðgi, samfélaginu til heilla.

Fríða Björk Ingvarsdóttir  
rektor

# NEMENDUR


Alls voru 648 nemendur við nám í Lista-háskólanum í október 2022, þar af voru 409 konur, 237 karlar og 2 kvár.

Nemendur í bakkalárnámi voru 461 og nemendur í meistaranámi 187.


Vorið 2022 bárust 654 umsóknir um nám við skólann. Um haustið hófu 233 nýnemar nám og inntökuhlutfallið var 36% í heild fyrir skólann. Árið 2022 útskrifuðust alls 174 nemendur.

Endurkomuhlutfall nemenda var 94% en það er reiknað út frá fjölda nemenda sem hófu nám haustið 2021 og fjölda þeirra sem skilaði sér á annað ár haustið 2022.


Skipting nemenda eftir kyni




Fjöldi nemenda eftir deildum



Inntökuhlutfall eftir deildum



Aldursdreifing nemenda




# STARFSFÓLK

Meðalfjöldi stöðugilda fastráðinna á árinu 2022 var 108, en alls störfuðu um 150 einstaklingar á tímabilinu. Stöðugildin skiptust þannig að akademísk stöðugildi (kennsla og verkstæði) voru 72 og önnur stöðugildi (stöðþjónusta) voru 36.

Stöðugildi stundakennara á árinu voru tæplega 30 en þau eru reiknuð út frá vinnustundum. Höfðatala stundakennara, gestakennara, leiðbeinenda lokaverkefna, prófdómara og fyrirlesara var tæplega 500.

**Fjöldi stöðugilda og virkra nemenda, 2014 til 2022**



# REKSTUR OG FJÁRMÁL

Meðalfjöldi stöðugilda fastráðinna á árinu 2022 var 108, en alls störfuðu um 150 einstaklingar á tímabilinu. Stöðugildin skiptust þannig að akademísk stöðugildi (kennsla og verkstæði) voru 72 og önnur stöðugildi (stöðsvið og bókasafn) voru 36.

Stöðugildi stundakennara á árinu voru tæplega 30 en þau eru reiknuð út frá vinnustundum. Höfðatala stundakennara, gestakennara, leiðbeinenda lokaverkefna, prófdómara og fyrirlesara var tæplega 500.

## HÚSNÆÐI

Listaháskólinn starfar í sex byggingum víðsvegar um Reykjavík. Á árinu 2022 bættist Borgartún 1 við húsnæðiskost skólans, en sú bygging hýsir nýstofnaða kvikmyndalistadeild. Um er að ræða fyrstu hæð og kjallara hússins, alls 535 fermetrar.

Heildarstærð húsnæðis Listaháskólans í lok ársins 2022 var 14.208 fermetrar.

Stærsti óvissuþáttur í rekstri Listaháskólans lýtur áfram að húsnæðismálum skólans, bæði til skemmri tíma og til framtíðar. Stefnt er að því að öll starfsemi skólans flytji í Tollhúsið við Tryggvagötu í síðasta lagi árið 2028. Þangað til er mikil óvissa um staðsetningu þar sem flestir húsaleigusamningar skólans renna út á árunum 2024 til 2027.

### Yfirlit yfir húsnæði Listaháskólans í lok árs 2022

Húsnæði	Fermetrar
Þverholt 11	4.127
Laugarnesvegur 91	6.881
Borgartún 1	535
Skipholt 31	1.874
Austurstræti 22a	665
Völvufell (gallery)	126
<b>Alls</b>	<b>14.208</b>

## FJÁRMÁL

Heildartekjur Listaháskólans á almanaksárinu 2022 námu 2.043 mkr. á móti 2.018 mkr. á árinu 2021. Rekstrargjöld og afskriftir námu 2.030 mkr. en námu 1.879 mkr. á árinu 2021. Rekstrarhagnaður ársins var 13 mkr. á móti 139 mkr. á árinu 2021 og hagnaður var 17 mkr. á móti 138 mkr. árið 2021. Eigið fé skólans nam 107 mkr. í lok ársins.

Rekstur Listaháskólans komst í jafnvægi árið 2022 og áhrif heimsfaraldurs hurfu að mestu. Meiri viðvera starfsfólks og nemenda í skólanum leiddi þó berlega í ljós þann bráða húsnæðisvanda sem skólinn glímir við, bæði hvað varðar ástand og faglegar kröfur. Þó að búið sé að ákveða að framtíðarstaðsetning Listaháskólans verði í Tollhúsinu er ljóst að skólinn mun glíma við bráðabirgðalausnir í einhver ár til viðbótar.

Á árinu 2022 innleiddi Listaháskólinn skráningar- og upplýsingakerfið Uglu, kennslukerfið Canvas, bókunarkerfið TermTime og fleiri tölvukerfi sem minnka rekstraráhættu og auka hagræði skólans til lengdar. Þessar innleiðingar voru margar hverjar strembnar og full ástæða til að þakka öllum sem að þeim komu. Einnig var innleitt dreifilíkan sem ætlað er að bæta gagnsæi og fyrirsjáanleika í dreifingu fjármagns innan skólans. Á árinu tók kvikmyndalistadeild til starfa eftir nokkurra ára undirbúning og reiknað er með að deildin hafi jákvæð áhrif á rekstur skólans á næstu árum.

Líkt og undanfarin ár er ekki í gildi stofnanasamningur við ríkið en stefnt er að því ljúka við endurnýjun hans á árinu 2023. Rekstraráætlun fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir því að rekstur Listaháskólans verði áfram í jafnvægi.



## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2022

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2.043.466.805</b>
Tekjur úr ríkissjóði	1.652.527.555
Skólagjöld	360.782.030
Aðrar tekjur	30.157.220
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>(2.030.427.970)</b>
Laun, launatengd gjöld og verktakagreiðslur	(1.383.112.463)
Húsnæðiskostnaður	(416.882.554)
Annar rekstrarkostnaður	(186.833.819)
Afskriftir	(43.599.134)
<b>Rekstrarhagnaður (EBITDA)</b>	<b>13.038.835</b>
Fjármunatekjur	5.328.349
Fjármagnsgjöld	(4.122.115)
Gengismunur	2.298.845
<b>Hagnaður</b>	<b>16.543.914</b>





## SVIÐ KVIKMYNDALISTAR, SVIÐSLISTA OG TÓNLISTAR

Á sviði kvikmyndalistar, tónlistar og sviðslista er boðið upp á 14 námsbrautir, 10 á bakkalárstigi og fjórar á meistarastigi.

### Kvikmyndalistadeild

Kvikmyndagerð (180 ECTS)

### Sviðslistadeild

Alþjóðlegt bakkalárnám í samtímadansi (180 ECTS)

Alþjóðlegt meistaránám í sviðslistum (120 ECTS)

Leikaranám (180 ECTS)

Sviðshöfundanám (180 ECTS)

### Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur (180 ECTS)

Söngur (180 ECTS)

Klassísk söng- / hljóðfærakennsla (180 ECTS)

Rytmísk söng- / hljóðfærakennsla (180 ECTS)

Kirkjutónlist (180 ECTS)

Skapandi tónlistarmiðlun (180 ECTS)

Tónsmíðar / nýmiðlar (180 ECTS)

Tónsmíðar (120 ECTS)

Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (120 ECTS)

Söng- og hljóðfærakennsla (120 ECTS)

# KVIKMYNDALISTADEILD

**Árið 2022 var sögulegt fyrir kvikmyndalistadeild Listaháskólans, enda fyrsta starfandi ár deildarinnar. Loksins rættist hinn langþráði draumur; eftir margra ára þróun og undirbúning gefst næstu kynslóðum kvikmyndagerðarmanna nú tækifæri á að læra kvikmyndagerð á háskólastigi, á Íslandi, í líflegu og skapandi samfélagi annarra listamanna.**

Árið hófst með ráðningu Steven Meyers sem fyrsta forseta deildarinnar. Steven kom til liðs við LHÍ eftir átta ára starf sem ráðgjafi hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, en hann var einnig meðlimur í stýrihóp um þróun deildarinnar sem hóf störf haustið 2019. Fyrstu mánuðir ársins voru helgaðir uppbyggingu námskrár fyrir komandi skólaár sem og uppbyggingu BA námsins almennt, en BA námið er hugsað sem fyrsta grunneining þessarar deildar sem seinna meir mun einnig bjóða uppá meistara- og doktorsnám. Ýmsir starfandi kvikmyndagerðarmenn komu að þessu ferli og veittu ráðgjöf. Á meðal þeirra voru Ása Helga Hjörleifsdóttir, Ísold Uggadóttir, Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, Ninna Pálmadóttir og Andri Steinn Guðjónsson.

Haustið 2022 flutti Kvikmyndalistadeild á sitt nýja heimili í Borgartúni 1 og opnaði dyrnar fyrir fyrstu 12 nemendum; fyrsta árgangi deildarinnar. Þessir sömu nemendur eru nú að ljúka sínu fyrsta ári í BA náminu, og stefna þau öll á útskrift vorið 2025.

## Kennarar og starfsfólk

Fyrstu ráðningar deildarinnar áttu sér stað um vorið en þá var Brandon Marks ráðinn sem tækni- og þjónustufulltrúi, Guðrún Elsa Bragadóttir sem aðjúnkt og fagstjóri fræða og Erlendur Sveinsson sem aðjúnkt og fagstjóri tæknilegra greina. Steven Meyers deildarstjóri er fagstjóri skapandi greina.

Á fyrstu önn komu fjölmargir reynsluboltar úr faginu til liðs við deildina sem kennarar.

Í lok árs voru þrír af kennurum deildarinnar, þau Ása Helga Hjörleifsdóttir, Brúsi Ólason og Tanya Sleiman, ráðin í fastar stöður háskólakennara. Ásamt deildarforseta myndar þessi hópur nú kjarna sem mun koma til með að leiða deildina áfram næstu árin, þróun náms og kennsluskrá.



## BA námið

Í takt við tilskipun ríkisstjórnarinnar er grundvallarforsenda fyrir BA námi í kvikmyndagerð sú að deildin mæti þörfum kvikmyndagerðar á Íslandi. Þar að auki verður stefna og nálgun deildarinnar að fylgja því sem tíðkast í öðrum deildum skólans, og vera almennt séð í samhljómi við stefnu og strauma í háskólanámi í list, í Evrópu og víðar. Með þetta allt í huga byggir námsskrá BA náms í kvikmyndagerð bæði á reynndum kennsluaðferðum sem staðist hafa tímans tönn, sem og nýjum og framsæknari aðferðum sem undirbúa nemendur okkar fyrir þann heim sem þau munu stíga inn í að útskrift lokinni.

Allir nemendur vinna að BA gráðu í kvikmyndagerð með áherslu á eitt af eftirfarandi lykilmögum: leikstjórn, handritsgerð, framleiðsla, kvikmyndatöku, klipp eða hljóð. Fyrsta árið snýst um að læra undirstöðuatriði allra þessara sviða, annað árið færir nemendur í átt að sérhæfingu á völdu áherslufagi, og þriðja árið er helgað gerð lokaverkefna og rannsóknarverkefna. Eftir útskrift verða nemendur okkar í stakk búnir til að hefja störf við sitt áherslufag innan bransans, eða þá að sækja sér áframhaldandi menntunar á meistarastigi.

## „Masterklassar“ og vettvangsferðir

Í gegnum vikulega „masterklassa“ bjóðum við starfandi kvikmyndagerðarmönnum og öðrum lykilpersónum í heimi kvikmyndagerðar á Íslandi og víðar, í beint samtal við nemendur okkar og kennara. Gestir þessa skólaárs hafa t.a.m. verið Ása Helga Hjörleifsdóttir, Ragnar Bragason, Guðný Halldórsdóttir, Ninna Pálmadóttir, Guðmundur Arnar Guðmundsson, Benedikt Erlingsson, Ágúst Guðmundsson, Silja Hauksdóttir, Hilmar Oddsson, Steve Gravestock („prógrammer“ alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Toronto), Sigurrós Hilmarsdóttir og Christof Wehmeier (Kvikmyndamiðstöð Íslands) og Sigurjón Sighvatsson (Kvikmyndaráð).

Farið er í vettvangsferðir til að kynna nemendur fyrir bransanum sjálfum og þeim stofnunum sem móta daglegt líf og starf kvikmyndagerðarmanna á Íslandi. Á þessu ári hafa nemendur t.d. heimsótt Kukl (tækjaleigu), Trickshot (eftirvinnsluhús), Kvikmyndasafn Íslands, Bíó Paradís, sem og heimsótt tókur á HBO seríunni True Detective í Gufunesi.

## Alþjóðlegt samstarf og tengslamyndun

Tengslamyndun við kvikmyndaskóla erlendis er gríðarlega mikilvæg nú þegar deildin er í móttun, ekki síst til að skapa tækifæri fyrir nemendur okkar og kennara til að sækja sér menntunar og starfsreynslu erlendis. Á þessu ári vinnum við að því að byggja brýr á þremur vígstöðvum: á Norðurlöndunum, í Evrópu sem og alþjóðlega.

Við eigum aðild að tveimur norrænum samtökum: Nordcil og NordFilm. Nordcil er eldri stofnun sem leggur aðaláherslu á kvikmyndamenntun á efri stigum á Norðurlöndunum. NordFilm eru ný samtök styrkt af Nordplus sem einblína á ferðastyrki og alþjóðlegt samstarf á milli nemenda í þátttökuskólunum, á Norðurlöndunum sem og í Eystrasaltslöndunum.

GEECT er nafnið á Evrópudeild CILECT (sjá hér fyrir neðan). Þann 25. apríl sátum við ráðstefnu á vegum samtakanna í Lissabon, „GEECT Leadership Symposium“, þar sem stjórnendur allra helstu kvikmyndaskóla í Evrópu komu saman til að ræða aðkallandi mál hvað varðar menntun og stjórnun kvikmyndaskóla.

CILECT eru alþjóðleg samtök kvikmyndaskóla. Í október sátum við í fyrsta skipti árlegt þing CILECT, í San Sebastian á Spáni. Eftir fjögur ár munum við sækja um fulla aðild að CILECT.

Við erum þar að auki í þann mund að tengjast samtökum sem kallast „Green Film School Alliance“; alþjóðlegt samfélag kvikmyndaskóla sem stuðlar að vistvænum og sjálfbærum vinnuháttum í kvikmyndagerð og kennslu.



# TÓNLISTARDEILD

## Meginhlutverk tónlistardeildar er að mennta tónlistarfólk fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli.

### Nemendur

Á árinu 2022 voru samtals 153 virkir nemendur við tónlistardeild og fastráðnir starfsmenn 26 í 16 stöðugildum.

### Úr skólastarfinu

2022 verður einna helst minnst vegna langþráðrar afléttingar á öllum takmörkunum vegna heimsfaraldurs. Skólastarf fór því að mestu fram með eðlilegum hætti. Dynjandi, nýr kennslu- og tónleikasalur deildarinnar var tekinn í notkun og var mikil lyftistöng fyrir starfsemi deildarinnar. Heimsóknir gestakennara færðust í aukana og tók deildin m.a. á móti tveimur Fulbright gestarannsakendum á árinu. Nemenda- og kennaraskipti á vegum Erasmus+ færðust einnig í aukana með vaxandi ferðafrelsi. Töluverðar breytingar urðu í röðum akademískra starfsmanna en auglýst var eftir umsóknum í þrjár stöður háskólakennara á vormánuðum.

### Helstu verkefni og viðburðir

Viðburðumávegamtónlistardeildarfjölgaði mikið á árinu í ljósafléttingaásamkomutakmörkunum.

### Gleym-mér-ei

Nemendur söngbrautar hafa staðið fyrir tónleikaröðinni Gleym-mér-ei sem samanstendur af vikulegum hádegistónleikum í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Á hverjum tónleikum er eitt þema lagt til grundvallar efnisskránni. Tónleikarnir urðu tólf talsins, sex á hvorri önn.

### Snjallhljóðfæri - Rannsóknarverkefni

Verkefnið Snjallhljóðfæri: Að skilja gervigreind 21. aldar gegnum skapandi tónlistartækni (INTENT) hófst þann 1. september 2021 og hefur síðan verið virkt innan skólans, við rannsóknir og innan samfélagsins. Í haust hóf annar doktorsnemi rannsóknir við verkefnið, Nicola Privato, og hefur hann kennt við tónlistardeildina þar sem rannsóknir verkefnisins eru nýttar til hljóðfærasmíða. Meðlimir verkefnisins hafa verið upptekin við rannsóknir á vélanámi og hljóðfærasmíði. Þar má nefna nýja tækni í “neural synthesis” og notkun tauganeta í að semja melodíur og hljómaganga. Hluti af þeim rannsóknum fer fram í vinnustofum og við notendaprófanir, því að í verkefninu er fengist við heimspekilegar spurningar varðandi það hvernig við skiljum gervigreind. Út hafa komið fjölmargar greinar um rannsóknir og nýlega gaf aðalrannsakandi verkefnisins, Þórhallur Magnússon, út bókina Live Coding: A User's Manual, en hana má finna á bókasafni skólans og í opnum aðgangi hér: <https://livecodingbook.toplap.org>.

Starfsmenn verkefnisins hafa tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi síðan það hófst. Má þar nefna tvær vinnustofur, hljóðfærásýningu, og pallborðsumræður í Ráðhúsi Reykjavíkur sem hluta af Norrænum músíkdögum 2022. Einnig tóku meðlimir þátt í Iceland Airwaves þar sem hljóðfæri verkefnisins voru einnig lánuð til annarra tónlistarmanna. Ýmsar vinnustofur hafa verið haldnar og lýkur þeim yfirleitt á tónleikum, svo sem í Mengi. Rannsóknarstofan er með opið hús á hverjum föstudegi þar saman kemur áhugafólk um tónlist, listir og skapandi tækni til að ræða saman um ýmis málefni. Frekari upplýsingar má finna hér: [www.iil.is](http://www.iil.is).

### Rannsóknarstofa í tónlist

Rannsóknarstofa í tónlist (RiT) framfylgir rannsóknarstefnu tónlistardeildar. RiT styður við rannsóknarverkefni deildarinnar og skapar vettvang til miðlunar, meðal annars með fyrirlestraröð og vefritinu Þráðum. Sjöunda tölublað veftímaritsins Þráða kom út í lok apríl með fimm greinum

eftir jafnmarga höfunda sem komu úr röðum kennara, stundakennara og hollnema. RiT stóð jafnframt fyrir málstofu þar sem Fulbright gestir tónlistardeildar, þau Mark Petty og Cayla Roche, greindu frá rannsóknum sínum við deildina.

### Ungir einleikarar

Í lok október 2022 fór fram hin árvissa samkeppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um að fá að koma fram með hljómsveitinni. Keppnin fór nú fram í tveimur umferðum og voru átta hljóðfæraleikarar og söngvarar valdir í síðari umferð keppinnar. Dómnefndin valdi svo fjóra sigurvegara: Birgi Hafsteinsson, klarínettuleikara, Ingibjörgu Linnet, trompetleikara og söngkonurnar Hönnu Olgeirsdóttur og Þórgunni Önnu Örnófsdóttur. Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fóru svo fram í lok maí undir stjórn Kornilios Michailidis.

### EDU ACTION 2022-2023

Tónlistardeild LHÍ er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni sem styrkt er af uppbyggingarsjóði EES. Verkefnið ber nafnið Edu-Action 2022-2023 og snýr að þróun kennsluhátta sem lúta að félagslegri inngildingu og þróun á fjarkennslu. Verkefnið er leitt af Tónlistarakademíu J.I. Paderewski í Poznan og aðrir þátttakendur eru auk Listaháskólans; Menntaskóli í tónlist, tónlistardeild háskólans í Agder í Kristiansand, Skien kuturskole og Karol Marcinkowski University of Medical Science í Poznan. Afrakstur verkefnisins mun m.a. birtast í greinum tengdum inngildingu, nóttaútgáfu með punktalettri (Braille), opnum kennslustundum og fyrirlestrum á netinu ásamt hefðbundnum nemenda- og kennaraskiptum. Peter Máté og Tryggvi M. Baldvinsson stýra verkefninu fyrir hönd tónlistardeildar

### MetamorPhonics – Korda Samfónía

Tónlistardeild tók þátt í samfélagsverkefninu Metamorphonics, sem Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths er í forsvari fyrir. MetamorPhonics skapar einstakan, opinn og aðgengilegan vettvang til tónsköpunar, fyrir tónlistarnemendur á háskólastigi og fólk sem stendur á krossgötum í lífinu sem er að byggja sig upp eftir margs konar áföll, t.d. heimilisleysi, atvinnuleysi eða kulnun. MetamorPhonics rekur hljómsveitir í London, Leicester, Los Angeles og nú á Íslandi. Verkefnið náði hápunkti sínum í vor á stórtónleikum hljómsveitarinnar Kordu í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu. Það var Gunnar Benediktsson dósent í skapandi tónlistarmiðlun sem hélt um þræði verkefnisins fyrir hönd tónlistardeildar.



### Orfeus í undirheimum

Nemendur söngbrautar nýttu Dynjanda á vordögum og fluttu atriði úr hinni þekktu óperettu Jaques Offenbach, Orfeusi í undirheimum. Leikstjóri var Almar Blær Sigurjónsson og tónlistarstjórn var í höndum Matthilda Önnu Gísladóttur.

### European Opera Academy (EOA)

Megináhersla EOA er að auðga reynslu og auka námstækifæri nemenda með skiptinámi og skiptikennslu og að þróa nám á sviði óperulistar í víðu samhengi. Nemendum bjóðast tækifæri til þess að sérhæfa sig og taka þátt í námskeiðum og sýningum á vegum skólanna og í samstarfi við tónlistarhátíðir og óperuhús, byggja upp og mynda tengslanet á alþjóðlegum vettvangi óperu. Á árinu tók tónlistardeildin á móti tveimur söngnemendum á vegum EOA.

### Ung Nordisk Musik (UNM)

Tónlistarhátíðin Ung Nordisk Musik var haldin á Íslandi á árinu og var tónlistardeild virkur þátttakandi í hátíðinni. Í mars bauð UNM upp á vikulanga tónsmíða-resedensíu í Skipholti þar sem 19 nemendur frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum unnu að tónsmíðaverkefnum. Hátíðin sjálf fór svo fram dagana 15. til 20. ágúst með tónleikum víðsvegar um borgina og vinnustofum í húsnæði tónlistardeildar.

### Maria Schneider

Í september heimsótti tónskáldið, stórsveitarstjórnandinn og margfaldur Grammy verðlaunahafinn Maria Schneider tónlistardeild í tilefni 30 ára afmælis Stórsveitar Reykjavíkur. Hún fjallaði þar um feril sinn, hugmyndir og verk.

### Crossing Keyboards

Crossing Keyboards er samstarfsverkefni tónlistarháskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Verkefninu er ætlað að efla samstarf og faglegt tengslanet á milli landa og skóla þar sem píanókennarar og píanónemendur hafa færi á að skiptast á hugmyndum og sækja sér innblástur. Í samstarfinu felst meðal annars að nemendur og prófessorar skólanna heimsækja hver aðra og halda þar masterklassa og tónleika. Verkefnið er stutt af Nordplus.

Í apríl og maí fékk tónlistardeild heimsóknir píanónemenda og píanókennara frá Tónlistarháskólanum í Riga og Tónlistarháskólanum í Stokkhólmi. Peter Máté, prófessor í píanóleik stýrir verkefninu fyrir hönd deildarinnar.

### Vinnustofa með hælisleitendum

Nemendur skapandi tónlistarmiðlunar undir leiðsögn Gunnars Benediktssonar tóku þátt í tveimur vinnustofum með hælisleitendum þar sem rúmlega 20 manns sömdu saman tónlist og fluttu sjálfum sér og öðrum til gleði og ánægju. Verkefnið var unnið að frumkvæði velferðarsviðs Reykjavíkur í samstarfi við tónlistardeild.

### Hjálmar sjötugur

Í tilefni sjötugsafmælis Hjálmars H. Ragnarssonar tónskálds og fyrrverandi rektors LHÍ bauð tónlistardeild til samtals við Hjálmar og ræddi Þorbjörg Daphne Hall dósent í tónlistarfræðum við hann um verk hans og listrænan feril. Herdís Anna Jónasdóttir, söngkona, Áshildur Haraldsdóttir, flautuleikari, og Sif Tulinius, fiðluleikari, léku brot úr nokkrum verka hans.

# SVIÐSLISTADEILD

## Sviðslistadeild Listaháskólans er samfélag nemenda og kennara þar sem skapandi og gagnrýnin hugsun er í forgrunni og hvatt er til tilrauna.

Árið 2022 hafði heimsfaraldurinn nokkur áhrif á kennslu í sviðslistadeild fyrri hluta árs. En þegar leið á árið fjaraði faraldurinn út og gátu allir nemendur deildarinnar klárað sín verkefni án takmarkana og tilfæringa líka og síðustu ár.

Margir góðir gestir heimsóttu deildina á árinu og má þar nefna Eleonora Fabiao (Brasilíu), André Lepecki (Bandaríkjunum), Rasmus Ölme (Svíðþjóð) og Chiara Bersani (Ítalíu).

Um haustið hófu 32 nemendur nám á BA stigi. Engir meistaranemar hófu nám við deildina árið 2022 þar sem meistaranám í sviðslistum var í endurskoðun og hefst að nýju haustið 2023.

### Helstu verkefni og viðburðir

#### Útskriftarverkefni sviðshöfunda

Árið 2022 útskrifuðust sex nemendur af sviðshöfundabraut og frumsýndu þau lokaverkefni sín dagana 2. til 10. apríl í húsakynnum skólans í Laugarnesi. Verk þeirra spönnuðu vítt svið sviðslistanna og tóku á fjölbreyttum málefnum en áttu það sameiginlegt að nálgast sviðslistamiðilinn á tilraunakenndan og gagnrýnin hátt með forvitnina að vopni.

#### Útskriftarverkefni dansara

Tíu nemendur útskrifuðust af alþjóðlegri dansbraut sviðslistadeildar. Útskriftarverkefni hópsins voru tvö ný dansverk sem unnin sérstaklega fyrir hópinn, verkið Run/through eftir danshöfundinn Katrínu Gunnarsdóttur og Phygital Glitch eftir Gígju Jónsdóttur. Verkin voru sýnd í Svarta kassanum í húsnæði skólans í Laugarnesi dagana 12. til 15. maí.

#### Útskriftarverkefni leikara

Níu nemendur útskrifuðust af leikarabraut. Í útskriftarverkefninu tókust nemendur á við eitt frægasta verk William Shakespeare, Hamlet, í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar. Uppsetningin var unnin í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Akureyrar og var verkið frumsýnt í Samkomuhúsinu þann 19. maí og síðan í Kassanum, Þjóðleikhúsinu, þann 25. maí.

#### Útskriftarverkefni meistaranema

Sjö nemendur útskrifuðust með meistaragraðu í sviðslistum frá sviðslistadeild haustið 2022. Nemendur stóðu fyrir hátíðinni Beginning at the End dagana 21. til 27. ágúst þar sem sýndu lokaverkefni sín.


### ENCOUNTERS

Dagana 16.-18. nóvember stóð deildin fyrir ENCOUNTERS í annað sinn. ENCOUNTERS er þriggja daga viðburður þar sem hefðbundin kennsla er brotin upp og boðið upp á dagskrá samhliða og í samstarfi við Reykjavík Dance Festival og Lókal, alþjóðlega sviðslistahátíð. Dagskráin samanstóð af málstofum og vinnustofum með listamönnum sem tóku þátt í hátíðunum. Má þar nefna, Chiara Bersani (IT), Steinunn Knútsdóttir (IS), Pólís (IS/PO) o.fl.

### Alexandría Nova

Sviðslistadeild LHÍ er aðili að norður-evrópska samstarfsnetinu Alexandría Nova. Markmið þess er að miðla aðferðum samtíma leikstjórnar milli kennara, starfandi listamanna og nemenda. Í lok febrúar 2022 tók sviðslistadeildin á móti hópi nemenda og kennara frá samstarfsnetinu í tveggja vikna námskeiðum. Í lok námskeiðanna var málþingið Performance as a Space for Action haldið þar sem fjallað var um félagslegan og pólitískan þátt leikhússins og samanstóð af fjórum erindum og pallborðsumræðum. Fyrirlesarar voru Karl Thorbergsson (Íslandi), Sarah Woods (Danmörku), Saana Lavaste (Finnlandi) og Augustas Gornatkevicius (Litháen).

Í maí hélt hópur nemenda af sviðshöfundabraut ásamt kennurum til Berlínar og tóku þátt í Alexandria Nova Jam þar sem þau tóku þátt í samtali um leikstjórn 21. aldarinnar og kennsluáðferðir hennar. Einnig voru þau viðstödd útgáfu bókarinnar “Looking for Direction – Rethinking Theatre Directing Practices and Pedagogies in the 21st Century” sem netið gaf út á árinu.



# SVIÐ ARKITEKTÚRS, HÖNNUNAR OG MYNDLISTAR

**Á sviði arkitektúrs, hönnunar og myndlistar er boðið upp á níu námsleiðir í þremur deildum.**

## **Arkitektúrdeild**

Bakkalárnám í arkitektúr (180 ECTS)

Meistaránám í arkitektúr (120 ECTS)

## **Hönnunardeild**

Bakkalárnám í fatahönnun, grafískri hönnun og vöruhönnun (180 ECTS)

Meistaránám í hönnun (120 ECTS)

## **Myndlistardeild**

Bakkalárnám í myndlist (180 ECTS)

Meistaránám í myndlist og sýningagerð (120 ECTS)

# ARKITEKTÚRDEILD

Fimm ára nám í arkitektúr við Listaháskóla Íslands er helgað rannsóknum á merkingu, umfangi og hlutverki arkitektúrs í samfélaginu. Það gerum við með því að veita nemendum þá þekkingu, færni og hugarfar sem nauðsynleg er til að verða gagnrýnir og umhyggjusamir fagmenn sem geta tengst hver öðrum í fjölbreyttu nútímasamfélagi. Við notum Ísland og einstakt samhengi þess sem rannsóknarstofu okkar til arkitektúrrannsókna án þess að gleyma því að hver staður er hluti af heiminum. Saman stefna nemendur og kennarar að því að byggja upp sterkt samfélag þar sem þeir kanna þá undursamlegu möguleika sem svið arkitektúrs getur skapað.

Árið 2022 var stórt í sögu arkitektúrdeildar þar sem við fögnuðum tuttugu árum arkitektúrnáms á Íslandi og í fyrsta skipti voru nemendur á öllum fimm árunum á grunn- og meistarastigi. Öflugur hópur tíu fastráðinna akademískra starfsmanna, í rúmum fimm stöðugildum að deildarforseta meðtöldum, hefur lagt sitt af mörkum við menntun nemenda við deildina í samstarfi og samtali við fjölbreyttan hóp fræðimanna og fagfólks sem kemur víða að.

Á grunn- og meistarastigi var fjölbreytt starf sem setti mark sitt á samfélagið. Nemendur á fyrsta ári kynntu sér grunntól og hugtök arkitektúrs og fóru í vettvangsferð til klaustursins í La Tourette í Frakklandi, hönnuðu af arkitektinum Le Corbusier. Á vordögum héldu nemendur á fyrsta ári árlega sýningu sína á verkum í Öskjuhlíð. Annars árs namar rannsökuðu borgarumhverfið og í útskriftarverkefni unnu nemendur á þriðja ári á Hvalfjarðarsvæðinu. Fjórða árs nemendur meistaranámsins rannsökuðu vatn út frá ólíkum sjónarhornum. Fimmta árið beindi sjónum sínum að hugmyndinni um heimsborgaravitund arkitektúrmenntunar og fengu nemendur tækifæri til að kynna verk sín í Harvard Graduate School of Design.

## Helstu viðburðir, sýningar og samstarfsverkefni

- Meistaraneimar á fimmta ári kynntu verk sín í Harvard GSD. Kennari: Massimo Santanicchia.
- Meistaraneimar á fimmta ári unnu að umfangsmiklu rannsóknarverkefni á Reykjanesi sem bar titilinn Architectures for Care, vefsíða verkefnisins: <https://architecturesforcare.cargo.site/> Kennari: Massimo Santanicchia. Samstarfsaðilar voru m.a.: Grindavíkurbær, Ferðamálastofa Íslands, Visit Reykjanes, Kadeco, VSÓ Engineering, HS Orka, Minjastofnun og Náttúrustofa Suðvesturlands.
- Hönnunarverðlaun Íslands: Fulltrúi LHÍ í dómnefnd var Arna Sigríður Mathiesen, dósent.
- Aurora Foundation, Sierra Leone: Í ársbyrjun ferðuðust þrír nemendur LHÍ, þau Guðrún Kolbeinsdóttir og Kamilla Michelle Rún Henriau úr vöruhönnun og Þorlákur Jón Ingólfsson í arkitektúr, ásamt Evu Maríu Árnadóttur til Sierra Leone. Þar stunduðu þau starfsnám hjá Aurora Foundation í tvo mánuði og unnu með heimaþólki við hin ýmsu verkefni. Ferðin var styrkt af Erasmus+.
- Anna María Bogadóttir, dósent, kynnti rannsóknir sínar á Sneiðmynd.
- Annars árs namar unnu áfangann Urban Lab í samstarfi við Borgarskipulag Reykjavíkurborgar.
- Tvær málstofur um aðgengismál í samstarfi við AÍ, FÍLA, ÖBÍ og FHÍ.
- Þriðja árs namar sýndu Umpólun að hausti.
- Studio Bua sagði frá verkum sínum í Gestagangi.
- Fyrsta árs namar sýndu strúktúra í Öskjuhlíð.
- Fyrsta árs namar sýndu Hús númer 1 í Neskirkju.
- Fjórða árs namar unnu verkefni í samstarfi við Íslenska bæinn.

# HÖNNUNARDEILD

Hlutverk hönnunardeildar er að mennta nýjar kynslóðir hönnuða á grundvelli fagsviðanna. Almennt hefur nám í hönnun eflingu þekkingar, leikni og hæfni að leiðarljósi. Í því skyni líkja til að mynda vinnustofur nemenda eftir raunverulegu starfsumhverfi hönnuða og eru þeir því búnir undir verkefni framtíðar bæði í starfs- og námsumhverfi.

Á árinu var ráðið í tvær akademískar stöður sem og gestaprófessorsstöðu á braut grafískrar hönnunar. Fjórtán akademískir starfsmenn eru fastráðnir við deildina og fylla þeir rúm ellefu stöðugildi að deildarforseta meðtöldum. Tugir stundakennara og gestakennara sinna kennslu við deildina á hverri önn með aðkomu að lengri eða styttri námskeiðum.

Starf hönnunardeildar var að nokkru litað af áskorunum heimsfaraldurs í byrjun árs 2022. Í mars sama ár braust út stríð í Úkraínu sem hefur haft viðtæk samfélagsleg- menningarleg- og efnahagsleg áhrif sem enn sér ekki fyrir endann á. Með hækkandi sól eflidist þó starf og andi deildarinnar sem skilaði sér í fjölbreyttum verkefnum starfsfólks og nemenda, þátttöku á margbreytilegum vettvangi og góðum árangri.

Á árinu fór fram endurskoðun á MA-náminu og voru því engir nýnemar teknir inn á haustönn til að svigrúm fengist til endurskoðunar. Haustið 2023 verður nýrri útgáfu af náminu ýtt úr vör þar sem áhersla er lögð á hönnun og matvælaframleiðslu með tilliti til umhverfis og fjölþættra áskorana sem fylgja breytingum á því.

Kennsluaðferðir þróuðust í heimsfaraldri og hafa tækifæri opnast með stafrænni tækni m.a. til samstarfs þvert á skóla, stofnanir og landamæri sem munu án efa þróast enn frekar á næstu árum. Á sama tíma hefur áhugi á tækni, handverki og nýsköpun með efni aukist sem mikilvægt mótvægi við hinum stafræna veruleika. Þá eru flókin samfélagsleg viðfangsefni farin að fléttast inn í fræðasvið hönnunar í síauknum mæli og má segja að endurskoðun á hönnunarsögu sé að verða mikilvægur hluti af fræðakennslu við deildina.

Gagnrýnin, skapandi og lausnamiðuð hugsun er höfð að leiðarljósi við úrvinnslu hugmynda í gegnum nám deildarinnar um leið og nemendur eru eflidir sem skapandi einstaklingar með eigin rödd og framtíðarsýn. Þá er samstarf út á við stöðugt og mikilvægur hluti af stefnu og námsskrá, bæði á bakkalár- og meistarastigi. Var árið 2022 engin undantekning hvað þetta varðar, en samstarf við fyrirtæki og stofnanir í samfélaginu blómstraði og var ánægjulegt að sjá þátttöku í alþjóðlegum verkefnum fara af stað á ný eftir heimsfaraldur.

Við erum bjartsýn á mikilvægi góðrar hönnunarmenntunar í ört breytilegum heimi og hlökkum til að eiga þátt í að þróa áfram menningu og íslenskt samfélag í sterku náms- og starfsumhverfi Listaháskólans.

## Helstu viðburðir, sýningar og samstarfsverkefni

- Útgáfa í prenti og á vef (Farvegir og Form) 3. árs nema í grafískri hönnun á sjónrænni rannsókn lokaverkefna. <https://farvegirform.is>
- Dómur gegn plasti: ný vidd í list- og hönnunarnámi (Plastic Justice). Alþjóðlegt samstarfsverkefni á vegum Erasmus. Nemendur í grafískri hönnun þróa sjónrænar samskiptaleiðir sem varpa ljósi á alvarleika mengunar vegna örplasts í umhverfinu. Umsjón fyrir hönd námsbrautar er í höndum Hrefnu Sigurðardóttur, lektors: <https://plasticjustice.eu/partner/>. Skólarnir tengdir verkefninu gáfu út kennsluhandbók um verkefnið undir nafninu Plastic Justice: A Teacher's Guide. Kennarar og nemendur framleiddu efni fyrir útgáfuna en Listaháskóli Íslands sá m.a. um hönnun á bókinni.
- Unglist – Árleg veggspjaldsamkeppni nemenda í grafískri hönnun. Sigurvegari 2022 var Alexandra Sól Anderson.

- Útskriftarferð 3. árs í grafískri hönnun til Skotlands þar sem nemendur sóttu fyrirlestra og sýningar á hátíðinni International. INTL. Hópurinn setti síðar upp sýningu í gallerí í miðbæ Reykjavíkur. Á sýningunni mátti sjá silkiþrykkt plaköt sem byggð voru á upplifun nemenda á ferðinni.
- Nemendaferð 2. árs í grafískri hönnun til Húsavíkur tengd námskeiðinu Leturhönnun.
- Nemendaferð 1. árs í vörühönnun í Heiðmörk þar sem nemendur dvöldu í húsi Skógræktarfélags Reykjavíkur og kynntust og unnu með staðbundnar aðstæður.
- Jarðtenging: Annað ár í grafískri hönnun vann efni og sýningu í samstarfi við hönnunarstofuna Gagarín. Verkefnið sneri að loftslagsbreytingum með grafískum og gagnvirkum lausnum. Sýningin var haldin í Laugarnesi í maí og í Sláturhúsinu á Egilsstöðum í nóvember. Verkefnið var styrkt af Landsvirkjun og Origo.
- Nemendur í grafískri hönnun hlutu verðlaun FÍT, Hólmfríður Benediktsdóttir og Aron Guan.
- Hönnunarsamkeppni Grænnar Byggðar: Hönnun á verðlaunagrip fyrir Grænu Skófluna. Sigurvegari var Hekla Dís Pálsdóttir, nemandi á 1. ári í vörühönnun.
- Hönnunarsamkeppni Íslandsdeildar Amnesty: Hönnun á sokkum sem seldir eru til styrktar starfseminni í febrúar. Sigurvegari var Magga Magnúsdóttir, nemandi á 2. ári í fatahönnun.
- Hönnunarsamkeppni Icelandair: Hönnun á fylgihlutum fyrir flugfreyjur/þjóna, starfslið og flugmenn: Sigurvegari var Arthur Moreillon, nemandi í vörühönnun á 1. ári.
- Aurora Foundation, Sierra Leone: Í ársbyrjun ferðuðust þrír nemendur Listaháskólans, þau Guðrún Kolbeinsdóttir, Kamilla Michelle Rún Henriau úr vörühönnun og Þorlákur Jón Ingólfsson í arkitektúr, ásamt Evu Maríu Árnadóttur til Sierra Leone. Þar stunduðu þau starfsnám hjá Aurora Foundation í tvo mánuði og unnu með heimafélki við hin ýmsu verkefni. Ferðin var styrkt af Erasmus+.
- Útskriftar- og vorsýning meistaranema í hönnun var haldin 4. til 8. maí í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- Nemendaferð 2. árs í fatahönnun í Textílmíðstöðina á Blönduósi til að kynna stafrænum vefnaði og nýjum aðferðum við textílvinnslu.
- Nýsköpun í textíl, fatahönnun: Nemendur á 2. ári í fatahönnun sýndu á Pallinum, Þverholti 11 afrakstur námskeiðsins Nýsköpun í textíl þar sem unnið var á skapandi máta með þráð og ýmis önnur efni. Kennari: Þórunn María Jónsdóttir
- Misbrigði: Samstarf og tískusýning nemenda á 2. ári í fatahönnun við Rauða krossinn um nýsköpun úr óseljanlegum textíl. Í kjölfarið var sett upp sýning á hönnun nemenda í Þverholti 11 og sú sýning var í samvinnu við Unglist. Vefsíða verkefnisins er <https://misbrigdi.lhi.is/>. Kennari: Katrín María Káradóttir
- Alþjóðlegt samstarf og sýning valinna 2. árs nema í fatahönnun við Cristobal Balenciaga Museoa á Spáni.
- FISHSkin – Developing Fish Skin as a Sustainable Raw Material for the Fashion Industry alþjóðlegt rannsóknarsamstarfsverkefni styrkt af Marie Curie áætlun evrópska rannsóknaráðsins. Fulltrúi deildarinnar er Katrín María Káradóttir, dósent í fatahönnun en hún var í rannsóknarleyfi til að sinna verkefninu á vorönn 2022.
- Stefnumót: Samstarf við HÍ. Nemendaferð 3. árs vörühönnunar á Arnarvatnsheiði með líffræðingi til að fræðast um votlendi.
- Water Trilogy: BIP (Blended Intensive Programme/Erasmus) samstarfsverkefni LHÍ, KABK í den Haag og UDK í Berlín. Nemendaferð og námskeið 3. árs vörühönnunar í KABK í Haag, Hollandi sem fléttað var saman við námskeið úr námskrá (Stefnumót). Kennari: Anna Diljá Sigurðardóttir
- Hér er mýri um mýri frá manni til mýrar: 3.ár í vörühönnun sýnir í Slökkvistöðinni, Gufunesi afrakstur rannsóknarverkefnis (Stefnumót) um mýrlendi og áhrif framræslu á landið. Setti hópurinn saman sýningu sem leiðir gesti í gegnum uppgötvunarferðalag á mýrinni.
- Hönnun fyrir annan heim: Nemendur á öðru ári í vörühönnun sýndu stuttmynd sem þeir unnu út frá rannsóknum sínum yfir önnina í áfanganum Vísindi og Menning í Norræna Húsinu.
- Tískusýning, Útskriftarsýning 3. árs nema í fatahönnun sýndu lokaverkefni sín á tískusýningu í Hafnarþorpinu 5. maí.

- Veranda vera: Útskriftarsýning BA nema í fatahönnun, grafískri hönnun og vörühönnun á Kjarvalsstöðum opnaði 21. maí.
- Samstarf meistaranema í MA hönnun og meistaranema í MA umhverfisfræði við HÍ og sýning í Norræna Húsinu á kvikmyndum um rannsóknir í umhverfisfræði í samstarfi við RÚV. Vefsíða: <https://nordichouse.is/en/event/lhi-x-hi-brave-new-world/>
- Vinnustofna og samstarf við Carbfix Iceland og Disnovation (gestakennara frá Frakklandi). Vefsíða: <http://disnovation.org/index.php>
- Home/Biome sýning 1.árs MA nema í Ráðhúsi Reykjavíkur á Hönnunarmars. Vefsíður: <https://designmarch.is/programme/2022/home-biome>, og <https://www.lhi.is/en/event/home-biome-ma-design>
- Útgáfa nemenda fyrir sýninguna Home / biome exhibition and workshop with Janosch Kratz. Vefsíður: <https://www.instagram.com/p/CcllQapoOVU/>, og [https://www.instagram.com/p/Cdgeol\\_AriW/](https://www.instagram.com/p/Cdgeol_AriW/)
- Home/Biome: Útskriftarsýning meistaranema í hönnun MA Design í Ráðhúsi Reykjavíkur.



# MYNDLISTARDEILD

**Nám við myndlistardeild veitir nemendum tækifæri til þess að kanna fjölbreyttar aðferðir við listsköpun og rannsóknir í vinnustofum, fræðanámi og á verkstæðum. Nemendur í BA námi fara í gegnum námskeið sem byggja undir grunnþekkingu á aðferðum og nálgun í myndlist og hafa á námstímanum kost á því að velja sér námskeið sem leggja sérstaka áherslu á tímatengda-, tvívíða- og þrívíða miðla. Í gegnum námið eru nemendur hvattir til skapandi og gagnrýnnar sjálfstæðrar hugsunar sem skilar sér með markvissri framsetningu á verkum og skilningi á marglaga samhengi hluta í samtímanum. Vorið 2022 útskrifuðust fyrstu meistaranemendur frá deildinni með meistarapróf í sýningagerð.**

Tíu akademískir starfsmenn í um átta stöðugildum eru fastráðnir við deildina að deildarforseta meðtöldum. Vorið 2022 voru tveir háskólakennarar í myndlist ráðnir til deildarinnar. Haustið 2022 var einn akademískur starfsmaður í leyfi og aðjúnkt ráðinn inn til eins árs. Tugir stundakennara og gesta sinna kennslu við deildina á hverri önn í lengri og styttri námskeiðum.

Tveir þriðju hluti náms við deildina er verklegt en einn þriðji fræðilegs eðlis sem fléttast í gegnum námið í formi skyldu og valnámskeiða. Vorönn í BA námi markast af valnámskeiðum fyrir 1. og 2. ár en önninni lýkur með vinnustofum með áherslu á sjálfstæða vinnu. 3. árs nemendur skila BA ritgerð í janúar og sækja ýmist vinnustofu á landsbyggðinni, í verksmiðjunni á Stöðvarfirði eða vinnustofu í borginni sem á sér stað á Árbæjarsafni, sem undanfara BA verkefni sem varir út önnina og raungerist með opnun BA sýningar í Listasafni Reykjavíkur, á Kjarvalsstöðum. Haustönn hverfist um inngangsnámskeið fyrir 1. ár, sérhæfð miðlatengd námskeið fyrir 2. ár og vinnustofu á 3. ári þar sem nemendur vinna að einkasýningu ásamt því að skrifa BA ritgerð. Fræðanámskeiðin miða að því að byggja sameiginlegan grunn á þeim kenningum sem myndlist í samtímanum markast af auk valnámskeiða.

Á vorönn sækja MA nemar á 1. ári verkleg námskeið í myndlist og sýningargerð. Námskeiðin fela m.a. í sér staðbundin samstarfsverkefni með nemendum í Listfræði í HÍ sem lýkur með sýningu en sýningargerðarnemendur sýningarstýra samsýningu í Listasafni Reykjanesbæjar og taka þátt í starfsnámi á listastofnunum á borð við Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands. Jafnframt sækja nemendur val og skyldu í fræðanámskeiðum. Á vorönn á 2. ári setja myndlistarnemendur upp einkasýningu í galleríum deildarinnar og samsýningu í lok námsins en sýningin fer fram í Nýlistasafninu. Sýningargerðarnemar vinna einstaklingslega að og raungera sýningu/verkefni sem eiga sér stað á fjölbreyttum vettvangi, myndlistarrýmum, internetinu og víðar. Nemendur á báðum námsleiðum í MA á 2. ári vinna að og skila MA ritgerð. Á haustönn sækja MA nemar á 1. ári verkleg námskeið ásamt því að sækja málstofur, fræði og valnámskeið. Á 2. ári vinna nemendur í myndlist og sýningargerð jöfnum höndum að verklegum námskeiðum með fræðilegri kennslu og ritgerðarskrifum. Utanaðkomandi einstaklingar eru valdir til hlutvera prófdómara í MA og BA verkefnum ár hvert og eru það leiðandi einstaklingar af fagsviðinu sem ekki hafa kennt þeim nemendahóp sem er að útskrifast og veita einstakt tækifæri til endurgjafar þar sem útskriftarverk eru sett fram á opinberum vettvangi.

Myndlistardeild á í fjölbreyttu samstarfi við stofnanir, einstaklinga, fyrirtæki og ýmsa aðila innan og utanlands og sitja fulltrúar deildarinnar í ýmsum ráðum á fagvettvangi.

Erasmus og KUNO netin eru virkur vettvangur innan deildarinnar, en nemendur í BA námi sækja gjarnan skiptinám innan Erasmus, annaðhvort á vor eða haustönn annars árs. MA nemendum stendur til boða að sækja um skiptinám á 2 önn í námi en nýta það alla jafna ekki sökum hversu stutt námið er. KUNO er samstarfsvettvangur listaháskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Þar hafa nemendur tækifæri til að sækja námskeið á milli skóla í

mislangan tíma. Myndlistardeild hélt á vorönn 2022 intensive-project námskeið í samstarfi við Listaháskólana í Vilnius, Oslo og Tallinn, Border as a place. Námskeiðið er hluti af 3 námskeiða seríu sem skólarnir reka saman.

## Helstu viðburðir, sýningar og samstarfsverkefni

### BA MYNDLIST

#### Vorönn 2022

- Vinnustofa í Lækjargötu 4 - 6 á Árbæjarsafni
- Come Forth, The apocalypse has begun
- Heitt fólk í feitum pottum
- Opnar Vinnustofur
- Útskriftarsýning BA, Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum

#### Haustönn 2022

- Staging Nothing - Samsýning myndlistarnema á þriðja ári
- KVIKMYNDASÝNING Super 8mm
- ANNUAL CONFERENCE MEETING OF TIMECLASS
- Opið Listaháskóla Íslands 11. Nóvember, ýmsar sýningar
- Einkasýningaröð þriðja árs nema í myndlist, September-nóvember

### MA MYNDLIST

#### Vorönn 2022

- Einkasýningaröð útskriftarnema í MA myndlist
- Aðgát skal höfð, Listasafn Einars Jónssonar
- Samstarf LHÍ, nemenda í meistaranámi við HÍ og Listasafns Einars Jónssonar
- MA útskriftarsýning: Undið af veruleikum, Nýlistasafnið

#### Haustönn 2022

- Steinsnar / Within a stone's throw, Verksmiðjan Hjalteyri
- Kveikjuþræðir, samsýning nemenda í rýmum myndlistardeildar við lok annar

### MA SÝNINGAGERÐ

#### Vorönn 2022

- Minningar morgundagsins, sýning í stjórn 1 árs nema, Listasafn Reykjanesbæjar
- Funny People, funnypeopleexhibition.com, útskriftarverkefni Amöndu Poorvu
- Ertu héðan? Útskriftarverkefni Völu Pálsdóttur í KFUM&K húsinu, Vestmannaeyjum
- Lífsleikni, Útskriftarverkefni Bjarkar Hrafnadóttur í Listvali

#### Haustönn 2022

- Steinsnar / Within a stone's throw, Verksmiðjan Hjalteyri

### Opnir fyrirlestrar

Fyrirlestraröð deildarinnar býður til sín gestum sem og akademískum starfsmönnum til fyrirlestrahalds um verk sín og feril. Fyrirlestrarnir eru opnir fyrir fagsamfélagið og almenning en eru skylda og hluti af námskeiði hjá BA nemendum.

#### Vor 2022

Carl Boutard

Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Bryndís Snæbjörnsdóttir & Mark

Wilson

Birgir Snæbjörn Birgisson

#### Haust 2022

Gary Hill

Hildigunnur Birgisdóttir

Mark Dion

Sigurður Ámundason

### Umræðuþræðir

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, og Myndlistarmiðstöðvar. Allt frá árinu 2012 hefur listamönnum, fræðimönnum og sýningastjórum sem starfa á alþjóðlegum vettvangi verið boðið hingað til lands á vegum verkefnisins. Meðal gesta má nefna Heike Munder, Miwon Kwon, Claire Bishop, Nicolaus Schafhausen, Mary Jane Jacob, Dieter Daniels, Douglas Gordon og fleiri.

Lagt hefur verið upp með að skapa vettvang héraendis fyrir alþjóðleg tengsl og umræður; gestirnir kynnast íslensku listalífi, stunda gestakennslu um leið og þau kynna eigin verk og hugðarefni með opnum fyrirlestrum í Listasafni Reykjavíkur. Gestir í Umræðuþráðum koma að starfi myndlistardeildar með margvíslegum hætti, í vinnustofuheimsóknir til nemenda, halda fyrirlestra og taka þátt í málstofum.

Umræðuþræðir hafa notið stuðnings Bandaríska sendiráðsins á Íslandi, Íslandsstofu og Goethe Institut.

#### Vor 2022

Krist Gruijthuijsen & Anna Gritz  
Shu Lea Cheang

#### Haust 2022

Anda Rottenberg

### Útgáfa

#### Myndlist á Íslandi

Tímaritið kom út í annað sinn vorið 2022, en að stjórn þess koma fulltrúar Myndlistarmiðstöðvar, Myndlistardeildar LHÍ, Myndlistarráðs, Listfræðafélagi Íslands og SÍM.

#### Árbók myndlistardeildar

Árbók myndlistardeildar, kom út samhliða útskriftarsýningum MA og BA nema í myndlist í maí. Í bókinni eru 2 til 3 opnur fyrir hvern útskriftarnema í myndlist og sýningagerð og rita þau texta og velja inn myndir og veita innsýn í verkefni sín og hugarheim. Bókin er ritstýrð af deildarforseta, með textum eftir sýningastjóra BA og MA sýninga og kennara við deildina á báðum námsstigum og námsleiðum. Hönnun bókarinnar var í höndum Grétu Þorkelsdóttur. Myndlistardeild hefur frá tímum Myndlista- og handiðaskólans staðið fyrir álfka útgáfum í lok vorannar og er hvert rit því hlekkur í skrásettri sögu myndlistardeildar.

#### Aðrar útgáfur

Samhliða einka- og samsýningum í MA og BA námi kemur út fjöldi rita og texta ár hvert.

Starf myndlistardeildar gekk vel þrátt fyrir miklar áskoranir heimsfaraldurs og lagðist þar á eitt jafnaðargeð nemenda og einurð kennara og starfsfólks að halda úti námi í erfiðum aðstæðum.





## SVIÐ AKADEMÍSKRAR ÞRÓUNAR

Svið akademískrar þróunar er miðlægt í starfsemi Listaháskólans; skarar stóðeiningar rannsókn- og kennsluþróunar, alþjóðaskrifstofu, bókasafn- og upplýsingaþjónustu, verkstæði og allar meistaranámsbrautir skólans, auk listkennsludeildar þar sem boðið er nám á meistarastigi.

Sviðið leiðir og styður við þróun á námi, kennslu og rannsóknum og vinnur að þverfaglegum markmiðum háskólans, ásamt eftirfylgni með stefnu og gæðaviðmiðum í samráði við aðra stjórnendur.



# LISTKENNSLUDEILD

**Meginhlutverk listkennsludeildar er að mennta listkennara til starfa fyrir öll skólastig. Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru sjö, í sex og hálfu stöðugildi. Auk reglubundins námsskeiðshalds tekur listkennsludeild þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum.**

## Helstu verkefni, rannsóknir og samstarf

### PIMDI

Deildin tekur þátt í evrópska samstarfsverkefninu PIMDI (Pedagogy of Imaginative Dialogues) sem styrkt eru af Erasmus+ áætluninni. Verkefninu er stýrt af Hanzehogeschool Groningen í Hollandi. Verkefnið hófst sumarið 2020 og lýkur haustið 2023. Samstarfsháskólar eru frá Finnlandi, Noregi og Hollandi. Verkefnið sem leitt er af Gunndísi Ýr Finnbogadóttur, Ingimari Waage, lektorurum við deildina og Hye Joung Park aðjúnkt, hverfist um þær siðferðislegu áskoranir sem lýðræðissamfélög í Evrópu standa frammi fyrir þegar öfgahreyfingum hefur vaxið fiskur um hrygg ásamt útlendingaandúð og hugmyndum um afturhvarf til kúgandi einræðis og forsjárhyggju. Unnið er að því að þróa námsefni og aðferðir fyrir myndlistarnám sem byggja á samtali og tengslum ólíkra skoðana. Í september 2022 kom rúmlega 30 manna hópur meistara-, doktorsnema og kennara í vikulanga námsviku til Íslands. Þátttakendur útfærðu m.a. stutta vinnusmiðju með nemendum Menntaskólans á Laugarvatni. Samstarfsaðilar á Íslandi eru Fjölbrotarskólinn í Breiðholti, Borgarbókasafn og Gerðuberg. Niðurstöðum verkefnisins verður miðlað í formi fræðigreina og kennsluefnis sem og nýrra námskeiða í kennaramenntun.

### Líkamleg gagnrýnin hugsun

Líkamleg gagnrýnin hugsun (Embodied critical thinking) sem er hluti af rannsóknnum Guðbjargar R. Jóhannesdóttur, dósents. Verkefnið, sem hýst er við heimsspekideild HÍ og styrkt af Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs, er fólgið í kerfisbundinni, djúptækri og verklegri endurskoðun á gagnrýninni hugsun, bæði sem hugtaki og iðju, með beitingu nýlegra kenninga og rannsókna sem varða líkamleika og reynsluhugsun, Vefsíða: <http://ect.hi.is/workshops-and-assessment/>.

Guðbjörg er einnig samstarfsaðili að Training Embodied Critical Thinking sem er þriggja ára verkefni 2021-2023 styrkt af Erasmus+ og SOTAN (State of the Art) sem er þverfaglegt tengslanet listamanna, ect-iðkenda, vísindamanna og samtaka sem hafa það markmið að ræða hlutverk, ábyrgð og möguleika listar og menningar. Vefsíða:

<https://www.trainingect.com/>

### Birkivist

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, dósent, ásamt Rúnu Thors, lektors í vöruhönnun, er aðili að BirkiVist þverfræðilegt rannsókn- og þróunarverkefni sem miðar að þróun skilvirkra leiða við endurheimt birkiskóga á landsvísu. Í verkefninu eru greindar helstu hindranir og tækifæri fyrir náttúrulegt landnám birkis og hvernig samfélagslegir þættir hvetja eða letja endurheimt. Samstarfsaðilar verkefnisins eru LHÍ, LbHÍ, HÍ, Skógræktin, Svarmi ehf. og Gró-LRT.

### Mobilities on the Margins

Mobilities on the Margins /Hreyfanleiki á jaðrinum er annað þverfaglegt rannsóknar- og kennsluverkefni sem Guðbjörg leiðir fyrir hönd Listaháskólans. Haldin var vikulöng vinnusmiðja á sunnanverðum Vestfjörðum sem boðin var sem valgrein þvert á meistaranámsbrautir. Verkefnið beinir sjónum að skapandi ferli staðgerðar og skoðar hvernig dreifbýlissvæði, sem oft er á litið á sem óhreyfanleg og eins og frosið í tíma, verða til og þróast fyrir tilstilli menningar og náttúru. Nemendur fá innsýn í hugmyndir um tengsl líkama og umhverfis og kynnast aðferðum sem miða að því að hlusta á umhverfi í gegnum líkama okkar. Auk LHÍ eru samstarfsaðilar verkefnisins HÍ, Álaborgarháskóli og Háskólinn í Lapplandi.

### Listalestin

Síðastliðin fimm ár hefur deildin verið í samstarfi við List fyrir alla, sem er barnamenningarverkefni á forræði Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Verkefnið ber heitið Listalest Listaháskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að „...að velja og miðla listviðburðum um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.“ Samstarfið felur í sér að nemendur listkennsludeildar skipuleggja þverfaglegar vinnusmiðjur fyrir unglinga í skólum á landsbyggðinni, fara á staðinn og vinna með nemendum í tvo til þrjú daga og setja upp sýningu. Þegar heimsfaraldurinn geisaði og setti ferðahömlur á nemendur voru verkefnið gerð aðgengileg á vef List fyrir alla og eru þar í gagnabanka sem kennarar á öllu landinu geta nýtt sér í kennslu. Vefsíða: <https://veita.listfyriralla.is/listalestin/>.

List fyrir alla er einnig hluti af Erasmus+ samstarfsverkefninu „The WOW Experience“ þar sem unnið er að því að efla hlut nemenda í vali á, og skipulagningu listviðburða í skólum. Kristín Valsdóttir, deildarforseti fylgir ferlinu eftir hér á landi sem rannsakandi.

### Samstarf við HA

Árið 2021 var undirritaður samningur milli Listaháskólans og Háskólans á Akureyri sem kvað á um umsjón listkennsludeildar og kennslu tveggja námskeiða í listgreinum við kennaradeild HA. Samningurinn var endurnýjaður árið 2022 og hefur kennsla og úrfærsla námskeiðanna tekist mjög vel að mati allra aðila. Stefnir er á áframhaldandi samvinnu háskólanna.

### Tengsl við vettvang

Vettvangsnám og æfingakennsla er stór hluti af námi í listkennsludeild og felur í sér samstarf við fjölmarga leik-, grunn- og framhaldsskóla. Undanfarið ár hefur deildin einnig boðið upp á listnámskeið fyrir áhugasama krakka í fjórða til sjötta bekk. Haustið 2021 var í fyrsta sinn boðið upp á Heimsspekiskóla LHÍ í samvinnu við félag heimsspekikennara, sem er ókeypis námskeið fyrir 12 til 15 ára og var því framhaldið haustið 2022. Kennara námskeiðanna eru meistaranemendur deildarinnar undir leiðsögn háskólakennara. Fjölmörg námskeið voru í boði fyrir starfandi kennara í gegnum Opna LHÍ. Kennarar og fyrrverandi nemendur deildarinnar héldu einnig utan um starfsþróunarnámskeið fyrir kennara á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í ágúst 2022. Þá gerðist listkennsludeild aðili að samstarfsvettvangi um innleiðingu STEAM náms og kennslu á framhaldsskólastigi í samvinnu við Menntaskóla Borgarfjarðar.

### Útskriftarviðburðir

Listkennsludeild og Borgarbókasafnið í Gerðubergi gerðu með sér samning 2021 um að útskriftarviðburðir deildarinnar fari fram í húsakynnum Borgarbókasafnsins í Gerðubergi. Sá samningur var endurnýjaður og opnir útskriftarviðburðir fóru fram víðsvegar í Gerðubergi að vori og aftur í tengslum við haustútskrif.

### Velferð – fyrirlestraröð

Síðastliðin tvö skólaár hefur listkennsludeild haldið úti fyrirlestraröð um velferð. Árið 2022 komu fjölmargir aðilar að henni. Á vormisseri voru það fagstjórar innan deildar en á haustmisseri sérfræðingar utan skólans.

Betra skólasamfélag með aðferðum lista. Vigdís Gunnarsdóttir, adjúntk og fagstjóri sviðslista við listkennsludeild.

Að skynja og hugsa innan frá – samband fagurferðilegrar skynjunar og líkamlegrar hugsunar. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, dósent við listkennsludeild.

VELFERÐ, farsæld og hið góða líf: Ævilangt ferðalag með listir í farteskinu. Ingimar Ólafsson Waage, lektor og fagstjóri við listkennsludeild.

Hreyfanleiki líkamans: um göngur í listum, námi og rannsóknum – göngufyrirlestur. Gunnar Yr Finnbogadóttir lektor og fagstjóri sjónlista í listkennsludeild.

„Being well in/with art.“ Fernando José Pereira, listamaður og prófessor við University of Porto.

„IRREVERSIBLE: Death by the Drip- A glacier story from Vatnajökull.“ Mariana Ungureanu, prófessor við Conservatoires de Paris.

„Music, Identity, Well-Being – Listening to Immigrant Parents in Iceland.“ Adam Switala, tónlistarmaður, tónskáld, fyrirlesari og kennari.



### STUÐNINGUR VIÐ RANNSÓKNIR

Útgáfusjóður LHÍ veitti samtals 1,4 mkr. til þriggja verkefna akademískra starfsmanna á árinu. Rannsóknarsjóður LHÍ veitti samtals 1,8 mkr. til fimm verkefna akademískra starfsmanna á árinu. Þremur rannsóknarleyfum var úthlutað í desember. Þau hlutu Gunnar Yr Finnbogadóttir, lektor í listkennsludeild, Lóa Auðunsdóttir, lektor í hönnunardeild og Þorbjörg Daphne Hall, dósent í tónlistardeild. Sex nemendum Listaháskólans voru tryggð sumarstörf með styrkjum úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Alls var um að ræða fimm verkefni úr þremur deildum.

Svið akademískrar þróunar stóð fyrir fyrsta sameiginlega rannsóknarfundi akademískra starfsmanna í apríl undir yfirskriftinni „On Research: Approaches and Methods“. Þar fjölluðu Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, dósent í listkennsludeild, Bjarki Bragason, dósent og forseti myndlistardeildar og Berglind María Tómasdóttir, prófessor í tónlistardeild, um valin verkefni og lýstu þeim aðferðum sem þau beita í rannsóknum sínum. Var öllum akademískum starfsmönnum, stundarkennurum og meistaranemum boðið til viðburðarins. Þessi sameiginlegi vettvangur er liður í því að efla samtal um þátt rannsókna í starfi fastráðinna kennara og styðja við þróun og eflingu rannsóknarmenningar á fræðasviði lista. Fastráðnum kennurum var jafnframt boðið að sækja ritsmiðju um umsóknarskrif undir leiðsögn dr. Þórhalls Magnússonar, rannsóknarprófessors við tónlistardeild. Á vegum rannsóknarnefndar fagráðs var m.a. unnið að endurskoðun á rannsóknarstefnu og nýjum matskvarða fyrir formlegt innra mat á rannsóknarafrastrí. Verkefnastjóri rannsókna tók sæti í bakhópi fyrir klasa 2, „Culture, Creativity and Inclusive Society“, innan Horizon áætlunarinnar.

Hugarflug, árleg ráðstefna Listaháskólans, var haldin dagana 22. og 23. september. Yfirskriftin var Enginn er Eyland - Collective Care. Lykilfyrirlesari var danshöfundurinn og aðgerðasinninn Sonya Lindfors og flutti hún erindi sitt í gegnum fjarfundarúnað fyrir stútfullum sal áhorfenda í Svarta sal í Laugarnesi.

Vísindavaka Rannís snéri aftur í október eftir hlé frá 2019. Listaháskólinn kynnti þar fimm rannsóknarverkefni starfsmanna skólans auk þess sem teymi rannsakenda á vegum rannsóknarverkefnisins Snjallhljóðfæri (INTENT) stóðu fyrir kynningu og bauð gestum að grípa í nokkur hljóðfæri sem hafa verið í þróun innan verkefnisins við frábærar undirtektir allra aldurshópa.

Þrjú rannsóknarverkefni voru hýst við háskólann á árinu. Ísbirnir á villigötum (e. Visitations) verkefni Bryndísar Snæbjörnsdóttur, prófessors við myndlistardeild og Marks Wilsons, prófessors við Cumbria háskóla var formlega lokið með ráðstefnu í Listasafni Reykjavíkur í nóvember. Út kom bókin Óræð lönd (e. Debateble Lands) þar sem fjallað er um fjölbreytt viðfangsefni Bryndísar og Mark, sem á síðastliðnum tuttugu árum hafa brotið blað með þverfaglegum listrannsóknarverkefnum. Útgáfan naut m.a. stuðnings frá Útgáfusjóði LHÍ, auk Gerðarsafns, Myndlistarsjóðs, Rannís og Safnasjóði. Rannsóknarverkefni Árna Heimis Ingólfssonar, Tónlistarmenn í útleð frá Þýskalandi og Austurríki og áhrif þeirra á íslenskt tónlistarlíf 1935 til 1974 var framhaldið og lýkur haustið 2023.

Rannsóknarverkefnið Snjallhljóðfæri: að skilja gervigreind 21. aldar gegnum skapandi tónlistartækni (INTENT), styrkt af Evrópska rannsóknarráðinu, hóf annað starfsár sitt af fimm. Mikil virkni var í verkefninu á árinu þar sem haldin voru fjölmörg námskeið, tónleikar og vikulegar opnar vinnustofur. Auk þess tóku starfsmenn rannsóknarstofunnar þátt í ýmsum menningarviðburðum, s.s. tónlistarhátíðum, rannsóknarviðburðum, ráðstefnum og tilraunvettvangi hérlendis sem erlendis. Þá kom út ein bók og nokkrar ritrýndar greinar eftir starfsmenn rannsóknarstofunnar á árinu, og annar af þremur doktorsnemum var ráðinn til verkefnisins til viðbótar við þá fimm starfsmenn sem fyrir voru. Fjöldi erlendra og innlendra gesta, listamanna og rannsakenda á breiðu sviði tónlistar og vísinda sóttu viðburði verkefnisins og dvöldu í lengri eða skemmri tíma við rannsóknarstofuna í húsnæði skólans í Þverholti.

## STUÐNINGUR VIÐ KENNSLU OG KENNSLUPRÓUN

Meðal helstu verkefna var vinna kennslunefndar fagraðs að gerð fyrstu náms- og kennslupróunarstefnu. Megináherslur stefnunnar eru að Listaháskólinn verði áfram leiðandi í þróun náms og kennslu í listum, þar sem áhersla er lögð á nemendamiðað nám, þjóni fjölbreyttu samfélagi nemenda og skapi tækifæri í listnámi á háskólastigi í alþjóðlegu og margbreytilegu umhverfi. Stefnan var unnin í samráði við fagrað og deildir skólans og staðfest af stjórn í desember 2022.

Verkefnastóri kennslu hafði umsjón með, í samstarfi við upplýsingatækisvið skólans, innleiðingu á Canvas námsumsjónakerfinu. Kerfinu tilheyra ýmis konar verkfæri sem styðja við starf kennarans. Staðið var fyrir reglubundinni fræðslu og stuðning við kennara ásamt því sem fræðsluefni var miðlað. Canvas ofurnotendur voru skipaðir í hverri deild til að aðstoða kennara. Verkefnastjóri kennslu hefur og umsjón með úrvinnslu og eftirfylgni kennslumats allra námskeiða háskólans við lok anna með það fyrir augum að bæta stuðning við kennara, og þjónustu og stuðning við nemendur, í samstarfi við deildarforseta. Um haustið bauðst fastráðnum kennurum skólans áfram að sækja námskeið í kennslufræðum háskólastigsins, til 5 ECTS eininga. Námskeiðin hafa mælst vel fyrir og síðla árs hófst undirbúningur að stofnun starfendarannsóknahóps kennara sem lokið hafa námskeiðinu. Ný handbók kennara var gefin út. Þar er að finna allar helstu upplýsingar fyrir kennara skólans á einum stað.

## ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Nemendur og starfsfólk Listaháskólans tók virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á árinu og mátti glögggt greina endurvakinn ferðavilja eftir heimsfaraldur síðustu ára. Þannig fóru 33 nemendur á BA og MA stigi til skiptináms innan Erasmus+ samstarfsnetsins á árinu, auk átta nemenda sem fóru í styttri námsdvalir, sem er nýr valkostur í Erasmus+ netinu og heyrir til inngildingaráætlunar þar sem stöðugt er unnið að því að sem flestir nemendur hafi tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Þá fóru 57 nýtskrifaðir nemendur í starfsnám erlendis. Starfsmannaskipti tóku sömuleiðis aftur við sér og fóru 35 starfsmenn utan á styrkjum Erasmus+ og Nordplus. Allar deildir skólans voru virkar í Nordplus samstarfsnetunum og kvikmyndadeild tók strax þátt í nýju neti NordFilm þar sem umfangsmikil og spennandi samstarfsverkefni eru framundan.

Samstarfsverkefnin héldu áfram, fólk fór að hittast að nýju í raunheimum og halda fundi og viðburði með nemendum og kennurum. Plastic Justice samstarfsverkefni sem unnið var með KABK í Haag lauk á árinu með stórrí ráðstefnu í Amsterdam og nýtt samstarfsverkefni fór af stað í tónlistardeild, DADOM (e. Daily Dose of Music) auk þess sem önnur héldu áfram. Er nánari grein er gerð fyrir alþjóðlegum samstarfsverkefnum í annálum deilda.

## BÓKASAFN

Bókasafnið er háskólabókasafn, opið almenningi, og er stærsta sérfræðisafn landsins á sviði listgreina. Árið 2022 bættust við safnkostinn um 950 nýskráð eintök, bæði með innkaupum og gjöfum. Meðal helstu verkefna ársins 2022 var innleiðing nýs bókasafnskerfis á landsvísu auk þess sem ný leitargátt Leitir.is var tekin í notkun. Meðal nýjunga í leitargáttinni, til hagræðis fyrir notendur safnsins, er vefsíðan lhi.leitir.is sem býður upp á leit í safnkosti bókasafns Listaháskólans. Innleiðingunni fylgdi umtalsverð aukin vinna fyrir starfsmenn safnsins bæði hvað varðar umsýslu og skráningu safnkostsins sem og útlána- og notendaþjónustu. Um leið og nýtt bókasafnskerfi var tekið í notkun var verið að innleiða innri vef og námsumsjónarkerfi Uglu sem hafði einnig töluverð áhrif í starfsemi safnsins.

Áhersla er lögð á fræðslu í upplýsingalæsi, upplýsingaleit og heimildavinnu. Staðið var fyrir fræðslu, bæði til handa kennurum skólans og nemendum. Safnið er þátttakandi í samstarfshópi á vegum stjórnenda háskólabókasafna um upplýsingalæsi. Meginverkefni þess hóps árið 2022 var að vinna vef um upplýsingalæsi en verkefnið er styrkt af Bókasafnasjóði. Jafnframt tók forstöðumaður bókasafns LHÍ þátt í vinnu við mótun stefnu íslenskra háskólabókasafna um fræðslu í upplýsingalæsi á háskólastigi 2023 til 2028. Starfsemi Ritvers LHÍ á bókasafninu var enn aukin þegar samið var við fræðakennara um að vera með opnar vinnustofur þar sem nemendur fá ráðgjöf varðandi uppbyggingu ritgerða, gerð rannsóknasurninga og um textagerð í fræðilegum skrifum. Kennarar nýttu einnig vel setustofu safnsins í Þverholti til hópkenndu og viðtala og gildi þá stundum hið fornkveðna að þröngt megi sáttir sitja.

## VERKSTÆÐI

Listaháskóli Íslands rekur tíu verkstæði í tveimur byggingum. Verkstæðin eru rekin sem sjálfstæð eining innan sviðs akademískrar þróunar og þjóna nemendum þvert á deildir. Störf á verkstæðum fela annars vegar í sér umsjón með daglegum rekstri og hins vegar kennslu sérfræðinga. Í sumum tilfellum sinnir sami starfsmaður þessum hlutverkum en í öðrum tilfellum er verkaskipting meiri. Nemendur sækja bæði námskeið á verkstæðum og vinna þar sjálfstætt að verkefnum innan annarra námskeiða. Þau eru ekki síður hugsuð sem staður fyrir umræður, nýjar hugmyndir og skoðanaskipti milli kennara og nemenda þvert á námsstig og deildir. Verkstæðin tengjast fagvettvangi lista- og hönnunar með aðkomu kennara, gestalistamanna og rannsakenda bæði af fagvettvanginum og úr akademíunni. Helstu viðbætur á árinu sneru að uppbyggingu stafræns prentvers í Þverholti ásamt verkefnarými sem býður upp á aukna þjónustu í laserskurði og þrívíddarprentun. Einnig var unnið að því að efla tækjakost í vídeóveri, sem er nú opið öllum deildum.

# HÁSKÓLASKRIFSTOFA OG STOÐÞJÓNUSTA

## GÆÐAMÁL

Föst verkefni í gæðastarfi felast í umbótamiðum verkefnum sem unnin eru í gegnum reglubundið gæðamat námsleiða, sjálfsmat deilda og stofnunarúttekt, auk reksturs gæðahandbókar.

Gæðakerfið er í stöðugri þróun og voru verkferlar og sniðmát vegna gæðamats námsleiða tekin til endurskoðunar á árinu með það að markmiði að styðja betur við þá sem vinna gæðamatið.

Tvær námsleiðir, meistaranám í hönnun og meistaranám í sviðslistum, voru teknar til gagnerrar endurskoðunar. Meðal niðurstaðna var að meistaranám í sviðslistum breyttist frá því að vera 90 ECTS eininga þriggja anna nám til MFA gráðu, í að vera 120 ECTS eininga fjögurra anna nám til MA gráðu.

Nýstofnuð kvikmyndalistadeild tók þá formlega til starfa á árinu og tók á móti fyrstu nemendum sínum haustið 2022.

Á árinu hélt þróun á söfnun lykiltalna áfram. Meginmarkmið með þróuninni er að um samanburðarhæfar tölur verði að ræða yfir lengri tíma, að notkun þeirra verði til grundvallar í ákvarðanatöku og að einingar innan skólans verði sjálfbærar um að sækja og nýta sér lykiltölur.

Listaháskóli Íslands hósti árlega ráðstefnu gæðaráðs íslenskra háskóla á vormánuðum. Ráðstefnan var vel sótt og þótti takast vel.

## KYNNINGARMÁL OG VIÐBURÐIR

Árið 2021 var mótað kynningarteymi þar sem störf verkefnastjóra voru sameinuð undir stjórn kynningarstjóra. Kynningarmál og viðburðastjórnun eru verkefni teymisins en um hundruði viðburða á ári er að ræða, stóra sem smáa frá öllum deildum skólans auk samstarfsverkefna við fyrirtæki og stofnanir. Teymið sjálf fer með stjórnun á stærri sameiginlegum viðburðum sem haldnir eru þvert á skólann en veitir stuðning með ýmsum hætti við fjölmarga aðra viðburði. Stærri viðburðir eru m.a. Háskóladagurinn, útskriftarhátíð, útskrift, nýnemadagur, Hugarflug og opinn dagur.

Kynningarmál einkenndust framan af ári af stafrænni miðlun sökum heimsfaraldurs. Þegar losnaði um samkomutakmarkanir jukust möguleikar til miðlunar á starfi skólans til muna og kynningarstarf óx samhliða því að nýju.

Háskóladagurinn er stærsti einstaki kynningarviðburður sem skólinn tekur þátt í ásamt öllum háskólum landsins. Á deginum gefst áhugasömum umsækjendum og almenningi kostur á að sækja skólann heim og hafa hundruðir nýtt sér það ár hvert. Árið 2022 féll háskóladagurinn þó niður í Reykjavík sökum samkomutakmarkana og var hann þess í stað haldinn með stafrænum hætti. Stuttu síðar höfðu allar samkomutakmarkanir verið felldar niður og reyndist því mögulegt að halda háskóladaginn á Akureyri í húsakynnum HA. Dagurinn tókst vel og var vel sóttur. Í kjölfarið var haldið á Egilsstaði þar sem háskólarnir kynntu námsframboð í ME.

Útskriftarhátíðina 2022 var mögulegt að halda að nýju án takmarkana sem var mikið gleðiefni. Til hátíðarinnar heyra allir útskriftarviðburðir skólans sem skiptu að venju tugum. Hátíðin er öllu jafna mjög vel sótt og var árið 2022 engin undantekning hvað áhuga almennings á útskriftarefnum Listaháskólans varðar og sóttu tugir þúsunda gesta viðburðina.

Hugarflug rannsóknaráðstefna Listaháskóla Íslands var að þessu sinni haldin 22.-23. september. Að jafnaði er hún haldin í febrúar en henni var frestað fram á haustið vegna samkomutakmarkana. Þema ráðstefnunnar var Enginn er eyland (e. Collective Care). Á ráðstefnunni voru 18 viðburðir, málstofur, fyrirlestrar, vinnustofur, innsetningar og videoverk. Lykilfyrirlesari var danshöfundurinn og listræni stjórnandinn Sonya Lindfors sem á rætur að rekja til Kamerún og Finnlands. Ráðstefnan var vel sótt en rúmlega 450 gestir og áhorfendur fylgdust með henni í streymi.

Opinn dagur var haldinn í október og tóku nemendur Listaháskólans virkan þátt í þeim viðburði hvoru tveggja hvað varðar undirbúning á dagskrá og framkvæmd dagsins. Á opnum degi er opnað inn í allar deildir skólans og höfðað sérstaklega til nemenda í framhaldsskólum að heimsækja deildir, kynna sér námsframboð og verk nemenda og aðstöðu.

Öllu jafna helst opnun fyrir umsóknir í hendur við opinn dag en vegna kerfisbreytinga var opnun fyrir umsóknir frestað fram til janúar 2023. Kynningarstarfi til umsækjenda seinkaði því samhliða því.

## MANNAUÐSSTJÓRNUN

Af föstum verkefnum í mannaúdsstjórnun var umfangsmest vinna við nýráðningar, viðhald jafnlaunakerfis og þróun nýs kennslulíkans.

Áframhaldandi óvissa varði við upphaf árs vegna heimsfaraldurs og höfðu langvarandi takmarkanir á starfsemina áhrif á líðan starfsfólks. Frá þeim tíma sem takmarkanir voru aflagðar hefur starfsumhverfið smám saman komist aftur í fastar skorður með möguleikum á sameiginlegum fundum og samkomum sem eykur samheldni.

Listaháskólinn stóðst þriðja árið í röð úttekt á jafnlaunakerfi sínu sem fram fór að vori. Niðurstaða úttektarinnar var að árangur vöktunar og mælinga á jafnlaunakerfi LHÍ er jákvæður m.t.t. jafnlaunamarkmiða LHÍ. Meðal niðurstaðna launagreiningarinnar var að konur mældust með 0,1% lægri laun en karlar, sé tekið mið af föstum launum starfsfólks. Innri úttekt var framkvæmd af úttektaraðilum innan LHÍ, þeim Þorsteini Þorsteinssyni og Björgu Stefánsdóttur. Niðurstaða úttektarstjóra iCert var að jafnlaunakerfi LHÍ uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012.

Á árinu voru birtar 15 auglýsingar um störf laus til umsókna. Um var að ræða 11 auglýsingar um akademísk störf og fjórar auglýsingar um störf á stoðsviðum. Öll störfín voru auglýst opinberlega. Umsækjendur voru alls 291 og lauk ferlum með ráðningum 23 nýrra starfsmanna. Framgangur í starfi hlutu tveir akademískir starfsmenn.

Unnið hefur verið að þróun á nýju kennslulíkani sem áætlað fjölda kennslustunda sem námskeið fá úthlutað og komst vinnan á lokastig undir lok árs 2022. Meginmarkmið vinnunnar er að líkanið sé einfalt í notkun, byggji á fáum mælikvörðum og gæti að jafnræði við úthlutun stunda.

## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi. Jafnframt er lögð áhersla á að styrkja nemendur með því að veita stuðning tengdum:

- tækifærum og ögrunum í námi
- andlegri líðan og heilbrigðum lífsstíl
- samskiptum við nemendur og starfsfólk
- framtíðarsýn og tækifærum.

Í byrjun árs 2022 var starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa aukið í 100% stöðugildi. Áður voru tveir námsráðgjafar sem deildu með sér 50% starfshlutfalli. Er þetta í fyrsta skipti í sögu skólans þar sem náms- og starfsráðgjafi er í fullri stöðu. Með tilkomu aukins stöðugildis var aukin viðvera í öllum byggingum LHÍ með opnum viðtalstímum fyrir nemendur. Jafnframt var öllum 1. árs nemendum boðið sérstaklega í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa. Lögð var áhersla á að kynna náms- og starfsráðgjöf fyrir starfsfólki LHÍ og hvaða þjónusta er í boði fyrir nemendur og starfsfólk.

## NEMENDASKRÁ

Nemendaskrá, sem áður hét námsþjónusta, hefur það meginhlutverk að vera með umsýslu á námskráningum og öðrum verkefnum sem tengjast námi. Starfsfólk nemendaskrár eru forstöðumaður og deildarfulltrúar sem sjá um dagleg verkefni eins og viðhald og skráningar í námskerfi, launaskráningar stundakennara og stundatöflukerfi.

Nemendaskrá heldur einnig utan um miðlæg verkefni eins og umsóknar- og inntökuferli, skráningar í kennsluskrá, gerð útskriftargagna og fl.

Forstöðumaður nemendaskrár stýrir einnig verkefnum sem tengjast stjórnsýslu skólans og gæðamálum, eins og endurskoðun og útgáfu skóladagatala, samantekt lykiltalna og þróunarvinnu á náms- og stundatöflukerfi skólans.

Á síðastliðnu ári hefur nemendaskrá farið í gegnum gagngerar breytingar við innleiðingu nýs náms- og stundatöflukerfis, Uglu og TermTime. Í kjölfar innleiðingarinnar hefur mikið þróunarstarf átt sér stað hvað varðar samræmingu og verklag milli deilda skólans. Aukin þjónusta við nemendur og sjálfvirkni í kerfinu eru markmið nemendaskrár þegar innleiðingarferlinu líkur árið 2023.

## OPNI LISTAHÁSKÓLINN

Í Opna Listaháskólanum er boðið upp á opin námskeið sem eru hugsuð til símenntunar, starfsþróunar og tengslamyndunar fyrir starfandi listafólk, hönnuði og arkitekta. Einnig býðst áhugasömum listunnendum að sækja opin námskeið sem kennd eru í flestum deildum skólans. Markmiðið er að glæða áhuga almennings á listum og veita sem breiðustum hópi fólks aðgang að þeirri sérþekkingu og aðstöðu sem Listaháskóli Íslands býr yfir.

Á þriðja tug námskeiða voru boðin fram í Opna LHÍ á skólaárinu. Flest námskeiðanna voru til eininga og kennd við listkennsludeild og tónlistardeild en auk þeirra voru tvö undirbúningsnámskeið kennd við tónlistardeild án eininga.

Innleiðing kennslukerfisins Uglu hafði áhrif á rekstur Opna LHÍ en nýtt kerfi var innleitt haustið 2022 og fylgja því ýmis tækifæri. Í kjölfar heimsfaraldurs og kerfisinnleiðingu eru ýmsar nýjungar í þróun fyrir Opna LHÍ.

## UPPLÝSINGATÆKNI

Tölvuþjónusta hefur það meginmarkmið að viðhalda og auka öryggi í net- og tölvuumhverfi skólans. Með það í huga hefur öryggi verið aukið við innskráningar á þráðlaust net skólans og við innskráningar í þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum og starfsfólki. Tvöföld auðkenning hefur að mestu verið innleidd til að auka öryggi og gera notendum kleift að breyta lykilorðum í sjálfsafgreiðslu.

Ugla var innleidd sem nemendabókhaldskerfi og samþætt við bókunarkerfið TermTime. Mytimetable, IRIS og nýtt verkbeidnakerfi voru meðal þess sem var innleitt auk áframhaldandi innleiðingar á Canvas og Canto. Þar að auki voru Wayve og Kanopy kerfin innleidd.

Ný kvikmyndalistadeild var opnuð í Borgartúni. Því fylgdi uppsetning á neti og vinnustöðvum fyrir nemendur og starfsfólk auk þess var endurnýjun á tölvukosti í vídeoveri og ljósmyndaveri í Laugarnesi kláruð. Við færðum hluta af innri kerfum LHÍ yfir í Azure og frá þjónustuaðilum inn í vélasal LHÍ, endurbættum nokkra vefi skólans, m.a. vefinn Farvegi og form. Einnig var notandaupplifun við innskráningar á tölvur í eigu skólans endurbætt.

Síðast en ekki síst var hjálparsíða tölvudeildar, hjalp.lhi.is, endurbætt með leiðbeiningum til nemenda og starfsmanna.



# STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR

*Miðað er við skipan í lok árs 2022.*

#### Stjórn Listaháskóla Íslands

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm einstaklingum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Háskólaráðherra tilnefnir tvo einstaklinga í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórn hittist mánaðarlega yfir skólaárið.

<span> </span>	<span> </span>
Magnús Ragnarsson, stjórnarformaður, fulltrúi ráðuneytis	<span> </span>
Guðrún Björk Bjarnadóttir, varaformaður, fulltrúi Baklands LHÍ	<span> </span>
Ólafur Sveinn Gíslason, fulltrúi Baklands LHÍ	<span> </span>
Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, fulltrúi ráðuneytis	<span> </span>
Karen María Jónsdóttir, fulltrúi Baklands LHÍ	<span> </span>
Þuríður Jónsdóttir, varamaður	<span> </span>

#### Bakland Listaháskóla Íslands

Bakland LHÍ tók yfir starfsemi Félags um Listaháskóla árið 2016. Markmið Baklandsins er að efla og styrkja Listaháskóla Íslands og tryggja tengsl skólans við listamenn, menningarstofnanir og atvinnulíf og stuðla að faglegri umfjöllun um listir og samfélag. Bakland kýs þrjá af fimm stjórnarmönnum Listaháskóla Íslands og hefur jafnframt það hlutverk að móta sér stefnu og markmið til stuðnings við starfsemi skólans á hverjum tíma

<span> </span>	<span> </span>
Hlynur Helgason, formaður	<span> </span>
Gunnar Andreas, gjaldkeri	<span> </span>
Þorlákur Einarsson, ritari	<span> </span>

#### Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð fjallar um sameiginleg málefni Listaháskólans, m.a. gæðastjórnun og skipulag skólastarfsins, fjármál og rekstur, húsnæði og aðstöðu. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Jafnréttisnefnd og umhverfisnefnd heyra undir framkvæmdaráð. Í framkvæmdaráði sitja, auk rektors, framkvæmdastjóri, sviðsforsetar og forstöðumaður háskólaskrifstofu. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum framkvæmdaráðs. Fundir eru öllu jafna einusinni í viku.

<span> </span>	<span> </span>
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor	<span> </span>
Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri	<span> </span>
Eva María Árnadóttir, sviðsforseti hönnunar, arkitektúrs og myndlistar	<span> </span>
Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar	<span> </span>
Þóra Einarsdóttir, sviðsforseti tónlistar og sviðslista	<span> </span>
Sóley Björt Guðmundsdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu, mannauðs- og gæðastjóri	<span> </span>

#### Fagráð

Fagráð hefur ákvörðunarvald í akademískum málefnum, fjallar um fagleg markmið skólans, frammistöðu og gæði, og er leiðandi fyrir stjórnendur í kennslu, rannsóknum og þróun. Kennslunefnd og rannsóknanefnd heyra undir fagráð. Í fagráði sitja rektor, sviðsforsetar og deildarforsetar. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum fagráðs. Fundur er öllu jafna einu sinni, til tvisvar, í mánuði.

<span> </span>	<span> </span>
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor	<span> </span>
Eva María Árnadóttir, sviðsforseti hönnunar, arkitektúrs og myndlistar	<span> </span>
Þóra Einarsdóttir, sviðsforseti tónlistar, sviðslista og kvikmynda	<span> </span>
Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar	<span> </span>
Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennslu	<span> </span>
Steinunn Ketilsdóttir, deildarforseti sviðslista	<span> </span>
Tryggvi Baldvinsson, deildarforseti tónlistar	<span> </span>
Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti hönnunar	<span> </span>

<span> </span>	<span> </span>
Massimo Santanicchia, deildarforseti arkitektúrs	<span> </span>
Bjarki Bragason, deildarforseti myndlistar	<span> </span>
Steven Meyers, deildarforseti kvikmyndalistar	<span> </span>

#### Sviðsráð

Á hverju sviði starfar sviðsráð sem er samráðsvettvangur innan sviðs og er sviðsforseta til fulltingis. Auk sviðsforseta sitja í ráðinu deildarforsetar sviðsins og fulltrúar kennara, stundakennara og nemenda. Sviðsráð tilnefnir fulltrúa í kennslunefnd og rannsóknanefnd. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Sviðsforsetar stýrir störfum ráðsins. Fyrirkomulag funda hefur verið með þeim hætti að sviðsráðin hafa fundað sameiginlega til að tryggja samráð þvert á deildir og svið skólans. Fundur er öllu jafna tvisvar til þrisvar á önn.

<span> </span>	<span> </span>
Eva María Árnadóttir, sviðsforseti hönnunar, arkitektúrs og myndlistar	<span> </span>
Þóra Einarsdóttir, sviðsforseti tónlistar, sviðslista og kvikmynda	<span> </span>
Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar	<span> </span>
Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennslu	<span> </span>
Steinunn Ketilsdóttir, deildarforseti sviðslista	<span> </span>
Tryggvi Baldvinsson, deildarforseti tónlistar	<span> </span>
Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti hönnunar	<span> </span>
Massimo Santanicchia, deildarforseti arkitektúrs	<span> </span>
Bjarki Bragason, deildarforseti myndlistar	<span> </span>
Steven Meyers, deildarforseti kvikmyndalistar	<span> </span>
Birta Fróðadóttir, fulltrúi akademískra starfsmanna – arkitektúr	<span> </span>
Þórunn María, fulltrúi akademískra starfsmanna – hönnun	<span> </span>
Hannes Óli Ágústsson, fulltrúi akademískra starfsmanna – sviðslistir	<span> </span>
Peter Máté, fulltrúi akademískra starfsmanna – tónlist	<span> </span>
Páll Haukur Björnsson, fulltrúi akademískra starfsmanna – myndlist	<span> </span>
Guðrún Elsa Bragadóttir, fulltrúi akademískra starfsmanna – kvikmyndir	<span> </span>
Arnar Grétarsson, fulltrúi stundakennara – arkitektúr	<span> </span>
Íris Indriðadóttir, fulltrúi stundakennara – hönnun	<span> </span>
Angela Marie Rawlings, fulltrúi stundakennara – sviðslistir	<span> </span>
Sóley Stefánsdóttir, fulltrúi stundakennara – tónlist	<span> </span>
Berglind Jóna Hlynsdóttir, fulltrúi stundakennara – myndlist	<span> </span>
Erna Vala Arnardóttir, fulltrúi nemenda, meistaranám, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda	<span> </span>
Elínborg Una Einarsdóttir, fulltrúi nemenda, grunnnám, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda	<span> </span>
Valgerður Birna Jónsdóttir, fulltrúi nemenda, grunnnám, svið arkitektúrs, hönnunar og myndlistar	<span> </span>

#### Stúdentaráð

Erna Vala Arnardóttir, forseti
Elínborg Una Einarsdóttir, varaforseti
Ragnheiður Íris Ólafsdóttir, ritari
Viktor Már Pétursson, gjaldkeri
Alvin Hugi Ragnarsson, stjórnarmeðlimur
Elís Gunnarsdóttir, stjórnarmeðlimur
Freyr Jónsson, stjórnarmeðlimur

#### Hæfisnefnd

Ráðið er í akademískra stöður að undangengnu mati hæfisnefndar, en heimilt er að ráða adjúnkta án hæfismats. Rektor staðfestir skipan hæfisnefndar. Hæfisnefnd er skipuðu tveimur föstum fulltrúum og einum fagtengdum sérfræðingi hverju sinni.

<span> </span>	<span> </span>
Dr. Irma Erlingsdóttir, formaður	<span> </span>
Dr. Þórhallur Magnússon, fastafulltrúi	<span> </span>

**Kennslunefnd**

Hlutverk kennslunefndar er að vinna að markmiðum er lúta að náms- og kennsluþróunarstefnu Listaháskóla Íslands. Í því felst að stuðla að þróun kennslu, fjölbreyttra kennsluhátta og tengslum kennslu og rannsókna. Auk þess er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði náms og kennslu. Kennslunefnd gerir tillögur sem miða að því að tryggja jafnræði meðal nemenda í námi og námstilhögun. Í kennslunefnd sitja verkefnastjóri kennslu sem stýrir starfi nefndarinnar, þrír fulltrúar fastráðinna kennara skólans, einn frá hverju sviði, sviðsforseti akademískrar þróunar og tveir fulltrúi nemenda. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagráð til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu. Fagráð skipar kennslunefnd til tveggja ára. Skipan nemenda er til eins árs í senn. Skipan varamanns skal vera frá annarri deild en skipan aðalmanns.

<span>Elíza Newman Geirsdóttir, verkefnastjóri kennslu</span>
<span>Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar</span>
<span>Vigdís Gunnarsdóttir, aðjúntk – svið akademískrar þróunar</span>
<span>Hye Joung Park, aðjúntk, varamaður listkennsludeild</span>
<span>Hildur Bjarnadóttir, prófessor, svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar</span>
<span>Lóa Auðunsdóttir, lektor, varamaður hönnunar</span>
<span>Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, prófessor, varamaður arkitektúrs</span>
<span>Hannes Óli Ágústsson, aðjúntk, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda</span>
<span>Andrés Þór Guðlaugsson, aðjúntk, varamaður tónlistar</span>
<span>Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir, fulltrúi stúdenta</span>
<span>Markús Bjarnason, fulltrúi stúdenta</span>
<span>Björk Gunnbjörnsdóttir, varamaður stúdenta</span>

**Rannsóknanefnd**

Hlutverk rannsóknarnefndar er að vinna að markmiðum er lúta að rannsóknarstefnu Listaháskóla Íslands. Rannsóknarnefnd starfar í umboði fagráðs, sem felur nefndinni að fjalla um skilgreind mál sem lúta að uppbyggingu rannsóknarstarfs innan skólans. Í því felst að stuðla að þróun rannsóknarmenningar og fjölbreyttra rannsóknaraðferða lista auk þess að styðja við framkvæmd innra mats rannsóknarafraksturs akademískra starfsmanna. Þá er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði rannsóknarstarfs og tengsl rannsókna og kennslu. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagráð til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu. Fagráð skipar rannsóknanefnd til tveggja ára. Skipan nemenda er til eins árs í senn. Skipan varamanns skal vera frá annarri deild en skipan aðalmanns. Í rannsóknarnefnd sitja verkefnastjóri rannsókna sem stýrir starfi nefndarinnar, þrír fulltrúar fastráðinna kennara skólans, einn frá hverju sviði, sviðsforseti akademískrar þróunar og einn fulltrúi nemenda.

<span>Elín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri rannsókna</span>
<span>Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar</span>
<span>Gunnðís Ýr Finnbogadóttir, lektor, svið akademískrar þróunar</span>
<span>Ingimar Ólafsson Waage, lektor, varamaður</span>
<span>Katrín María Káradóttir, dósent, svið arkitektúrs, hönnunar og myndlistar</span>
<span>Margrét Elísabet Ólafsdóttir, prófessor, varamaður</span>
<span>Einar Torfi Einarsson, prófessor, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda</span>

**Hugarflugsnefnd**

Ráðstefnunefnd Hugarflugs hefur það hlutverk að þróa áherslur og umgjörð ráðstefnunnar hverju sinni, móta kall eftir þátttöku og velja inn þátttakendur á ráðstefnuna. Nefndin starfar náið með verkefnastjóra ráðstefnunnar að framkvæmd og útfærslu.

<span>Hanna Styrmisdóttir, myndlistardeild</span>
<span>Sigurður Halldórsson, tónlistardeild</span>
<span>Hrefna Sigurðardóttir, hönnunardeild</span>
<span>Massimo Santanicchia, arkitektúr</span>
<span>Ingimar Ólafsson, listkennsludeild</span>
<span>Brogan Davisson, sviðslistadeild</span>
<span>Guðrún Elsa Bragadóttir, kvikmyndalistadeild</span>
<span>Karólína Stefánsdóttir, verkefnastjóri háskólaskrifstofu</span>
<span>Elín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri rannsókna</span>
<span>Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar</span>

**Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda**

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda Listaháskóla Íslands er æðsti úrskurðaraðili innan skólans í agamálum og málum er varða réttindamál nemenda. Úrskurðarnefnd starfar samkvæmt starfsreglum. Stjórn skólans skilgreinir nánar starfssvið nefndarinnar og setur henni starfsreglur.

<span>Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti</span>
<span>Tryggvi M Baldvinsson, varamaður</span>
<span>Kristín Valsdóttir, svið akademískrar þróunar</span>
<span>Gunnðís Ýr Finnbogadóttir, varamaður</span>
<span>Þorbjörg Daphne Hall, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda</span>
<span>Hrefna Sigurðardóttir, svið arkitektúrs, hönnunar og myndlistar</span>

**Jafnréttisnefnd**

Hlutverk jafnréttisnefndarinnar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í Listaháskólanum og móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum. Í nefndinni sitja fulltrúar frá starfsmönnum allra deilda skólans og fulltrúi nemenda sem kemur úr nemendaráði.

<span>Íris Dögg Björnsdóttir, jafnréttisfulltrúi</span>
<span>Kristjana Stefánsdóttir, tónlistardeild</span>
<span>Sirra Sigrún Sigurðardóttir, myndlistardeild</span>
<span>Nína Hjálmarsdóttir, sviðslistadeild</span>

**Umhverfisnefnd**

Umhverfisnefnd fjallar um stöðu skólans í umhverfismálum, mótar umhverfisstefnu og gerir tillögur til þróunar á sviði vistvæns rekstrar og úrbóta í umhverfismálum innan skólans. Í mótun umhverfisstefnu skólans ber að gera ráð fyrir því að umhverfisvitund, umhverfismál og sjálfbær þróun séu þáttur í námi og vinnu nemenda.

<span>Karólína Stefánsdóttir, verkefnastjóri háskólaskrifstofu</span>
<span>Sigurður Einarsson Mantyla, fulltrúi nemenda</span>

**Öryggisnefnd**

Öryggisnefnd skal taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara og skulu þeir til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Öryggisnefndin heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

<span>Hákon Kristinsson, umsjónarmaður fasteigna</span>
<span>Gerður J. Jóhannsdóttir, skjalastjóri</span>
<span>Elín Margot Ármannsdóttir, hönnunardeild</span>
<span>Oddur Wilhelm Guðmundsson, verkstæði</span>

### Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna

Markmið Starfsþróunarsjóðs kennara er að auðvelda akademískum starfsmönnum Listaháskólans að sinna sérverkefnum í grein sinni og sækja námskeið eða endurmennta sig á sínu sérsviði. Sérverkefni kennara geta verið verkefni sem tengjast listsköpun, rannsóknum, tengslamyndun eða kynningu á listgrein viðkomandi.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor  
 Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, arkitektúrdeild  
 Anna Dröfn Ágústsdóttir, hönnunardeild  
 Lóa Auðunsdóttir, varamaður hönnunardeild  
 Sigurður Flosason, tónlistardeild  
 Hanna Dóra Sturludóttir / Ríkharður Friðriksson, varamenn tónlistardeild  
 Jóhannes Dagsson, myndlistardeild  
 Vala Ómarsdóttir, sviðslistadeild  
 Hannes Óli Ágústsson / Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, varamenn sviðslistadeild  
 Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, listkennsludeild  
 Vigdís Gunnarsdóttir, varamaður listkennsludeild

### Starfsþróunarsjóður stoðsviða

Starfsþróunarsjóður stoðsviða hefur það markmið að framfylgja stefnu skólans um mannauð, með því að styðja við faglega starfsþróun og stuðla að símenntun og eflingu í starfi.

Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri  
 Sóley Björt Guðmundsdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu, mannauðs- og gæðastjóri  
 Rósa Bjarnadóttir, fostöðumaður bókasafns

### Rannsóknarsjóður

Hlutverk sjóðsins er að styðja við rannsóknir akademískra starfsmanna og stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall. Stjórn Rannsóknarsjóðs er skipuð til tveggja ára í senn og í henni sitja tveir akademískir starfsmenn skólans ásamt einum utanaðkomandi aðila.

Hildigunnur Sverrisdóttir, aðalmaður – svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar  
 Atli Ingólfsson, tónlistardeild, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda  
 Tryggvi M. Baldvinsson, varamaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda  
 Gunnðís Ýr Finnbogadóttir, aðalmaður – svið akademískrar þróunar  
 Steinunn Ketilsdóttir, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda  
 Anna Línadal, myndlistarmaður, utanaðkomandi aðili

### Útgáfusjóður

Hlutverk sjóðsins er að efla útgáfustarfsemi skólans og stuðla að miðlun á verkum akademískra starfsmanna. Sjóðurinn miðar þannig að því að styrkja tengsl kennslu og rannsókna. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall.

Birna Geirfinnsdóttir, aðalmaður – svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar  
 Gunnðís Ýr Finnbogadóttir, aðalmaður – svið akademískrar þróunar  
 Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda  
 Berglind María Tómasdóttir, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda  
 Ingimar Ólafsson Waage, varamaður – svið akademískrar þróunar  
 Massimo Santanicchia, varamaður – svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar  
 Oddný Eir Ævarsdóttir, utanaðkomandi aðili





**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts